

Samfélagsskýrslur fyrirtækja

Bragi Rúnar Jónsson, Runólfur Smári Steinþórsson og Þröstur Olaf Sigurjónsson¹

Ágrip

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja er mikið til umræðu um þessar mundir og hogaðilar vilja vera upplýstir um stöðu fyrirtækja í þeim efnum. Í þessari grein er fjallað um hvernig íslensk fyrirtæki upplýsa um stöðu sína í þessum málum og hvert þau stefna. Markmið rannsóknarinnar er að skoða samfélagsskýrslur íslenskra fyrirtækja til að öðlast skilning á því hvaða upplýsingar koma fram í þeim, um framsetningu gagna og frammistöðu fyrirtækjanna í þáttum sem snúa að umhverfi, samfélagi og stjórnarháttum (UFS þáttum). Í rannsókninni voru valdar 33 samfélagsskýrslur íslenskra fyrirtækja sem gefnar voru út árið 2021. Greint var hvaða gögn koma fram í samfélagsskýrslunum, hvað fyrirtækin gera vel og hvar megi bæta upplýsingagjöf. Rannsóknin leitaði svara við tveimur rannsóknarspurningum, annars vegar hvort samfélagsskýrslur væru staðlaðar, samburðarhæfar og staðfestar af utanaðkomandi aðilum og hvernig fyrirtækin standa að þessum atriðum. Hins vegar var skoðað hvort nægilegar upplýsingar væru í samfélagsskýrslunum til að upplýsa fjárfesta og aðra notendur um hvernig fyrirtækin stæðu sig í að upplýsa um stöðu UFS þátta, þróun þeirra þátta, árangur og hvert stefnir. Rannsóknin sýnir að fyrirtæki eru almennt að nýta staðla við gerð samfélagsskýrslna sem auðveldar samburð á milli fyrirtækja og tímabila, þó staðla megi betur notkun mælieininga í skýrslunum. Hvað staðfestingu á samfélagsskýrslum varðar, þá er hún ekki almenn sem minnkar áreiðanleika og trúverðugleika skýrslanna. Almenn er fyrirtæki að skýra vel frá stöðu og þróun UFS þátta í samfélagsskýrslum en mættu upplýsa betur um UFS markmið sín. Upplýsingar í samfélagsskýrslum nýtast fjárfestum og öðrum notendum til að átta sig á stöðu fyrirtækja í UFS málum og hver markmið þeirra eru. Ekki eru mörg ár síðan íslensk fyrirtæki byrjuðu að birta samfélagsskýrslur en fyrirséð er að mikilvægi þessarar upplýsingagjafar aukist á komandi árum bæði vegna aukinna krafna frá notendum skýrslanna og eins löggjafanum. Rannsókn þessi getur nýst í umræðu um samfélagslega ábyrgð og hvernig upplýsingagjöf er háttáð hjá íslenskum fyrirtækjum í þeim efnum. Rannsóknin er innlegg á sviði sem hefur ekki verið rannsakað mikið hér á landi.

Abstract

The social responsibility of companies is a subject of much discussion, and stakeholders want companies to inform about their standing in that area. This article focuses on how Icelandic companies inform about their status and where they are heading in

¹ Bragi Rúnar Jónsson er fjármálastjóri Visku – stéttarfélags og stundakennari við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Netfang: bragirj@hi.is. Runólfur Smári Steinþórsson er prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Netfang: rsmari@hi.is. Þröstur Olaf Sigurjónsson er prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Netfang: olaf@hi.is.

these matters. The purpose of this study is to look at the social responsibility reports of Icelandic companies to understand what information appears in them, the presentation of the data and the performance of the companies in aspects related to the environment, society and governance (ESG factors). A total of 33 social responsibility reports issued by Icelandic companies published in 2021 were analysed to review what issues appear in the social responsibility reports, where the companies are doing well and where the disclosure can be improved. The study sought answers to two research questions, firstly, whether social responsibility reports were standardized, comparable and verified by external parties and how is it done. Secondly, it was examined whether the social responsibility reports contain enough information to inform investors and other users about how the companies perform in informing about the status of ESG factors, their development, their success and where they are headed. The study shows that companies generally use standards when preparing social responsibility reports that facilitates comparisons between companies and periods, however, the use of measurement units in the reports can be better standardized. As for the verification of social responsibility reports, it is not common practice, which reduces their reliability and credibility. In general, companies report well on the status and development of ESG factors in social responsibility reports, but they could provide better information about their goals in ESG factors. Information in social responsibility reports is useful for investors and other users to understand the position of companies in ESG factors and their goals. Issuance of social reports of Icelandic companies are relatively recent, and importance of information contained in those reports are expected to increase in coming years due to demands both from the users of the reports and the legislator. This study can contribute to discussion about social responsibility and how information is provided by Icelandic companies about that topic. The research is a contribution to a field that has not been studied much in Iceland.

JEL flokkun: G38; M14.

Lykilorð: Samfélagsskýrslur; samfélagsábyrgð; sjálfbærni; UFS.

Keywords: Social responsibility reports; social responsibility; sustainability; ESG.

Corporate Social Responsibility Reports

1 Inngangur

Það er samhljómur í fræðilegri umræðu um mikilvægi þess að fyrirtæki og stofnanir leggi rækt við samfélagsábyrgð og sjálfbærni (Montiel, 2008; Strand o.fl., 2015). Uppruna samfélagsábyrgðar fyrirtækja eins og hún er skilgreind í dag má rekja til Bandaríkjanna í kringum 1950 þegar umræða um hlutverk fyrirtækja í samfélaginu vaknaði (Carroll, 2016) og upp úr 1970 hófu rannsóknir á samfélagsábyrgð fyrirtækja að birtast (Carroll, 2021; Aguinis og Glavas, 2012; Montiel, 2008). Þegar kemur að hugtakinu sjálfbærni þá benda heimildir einnig til þess að umræða um viðfangsefnið sé ekki ný af nálinni (Giovannoni og Fabiatti, 2014). Umfjöllun um sjálfbærni fór fram á Umhverfisstofnu Sameinuðu þjóðanna í Stokkhólmi 1972 sem lauk með Stokkhólmsyfirlýsingunni (UNEP, 1972). Fræðigreinar um sjálfbærni fyrirtækja fóru síðan að birtast í tímaritum upp úr 1990 (Montiel, 2008).

Þrátt fyrir að viðfangsefnið sem er hér til umfjöllunar hafi þannig verið vel þekkt á fræðilegum vettvangi um langt skeið er stöðugt verið að minna á mikilvægi þess að fyrirtæki og stofnanir sýni það í verki að þau leggi sitt af mörkum til samfélagsins. Hagaðilar vilja að fyrirtæki geri grein fyrir frammistöðu sinni í málefnum sem snúa að samfélagsábyrgð þar sem þröng og takmörkuð nálgun atvinnulífsins sé orsök margra vandamála sem tengjast sjálfbærni og samfélagslegum þáttum (Porter og Kramer, 2006, 2011). Wood (1991) setti fram líkan til að

meta frammistöðu samfélagsábyrgðar fyrirtækja þar sem þrjú lögmál voru lögð til grundvallar. Fyrst lögmálið um lögmæti og viðurkenningu sem fyrirtæki ávinna sér í samfélaginu, þá lögmálið um ábyrga starfsemi og hegðun fyrirtækja gagnvart hagsmunaaðilum og að lokum lögmálið um siðferði stjórnenda og starfsmanna sem tekur á því að sú starfsemi sem þeir eru ábyrgir fyrir skili samfélagslegum ávinningi. Líkan Wood (1991) var byggt á líkani Wartick og Cochran (1985) sem aftur sóttu hugmyndir í smiðju Carrolls (1979).

Þegar kemur að sjálfbærni hefur umræðan um nauðsyn á breyttum viðhorfum og nýjum nálgunum hjá fyrirtækjum ekki síður verið mikil á undanförunum árum. Áhersla hefur verið mikil á umhverfismálin, samfélagsmálin og efnahagsmálin þar sem atferli fyrirtækja hefur verið í brennidepli (Giovannoni og Fabietti, 2014). Varðandi skilgreiningu á sjálfbærni er oft bent á Brundtland skýrsluna: „Sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum“ (WCED, 1987).

Þessi skilgreining hefur einnig verið notuð af Peter Senge og meðhöfundum (2008) þar sem bent er á þrjár meginhugmyndir til að styðja við sjálfbæra þróun. Fyrsta hugmyndin segir að það sé engin lífvænleg leið til framtíðar sem ekki taki tillit til þarfa komandi kynslóða. Önnur hugmyndin útskýrir að sá ósjálfbæri vandi sem heimsbyggðin standi frammi fyrir sé af kerfisbundnum toga vegna ráðandi hugmynda, og flókens samspils og tengsla skipulagsheilda af ýmsu tagi í öllum geirum samfélagsins. Þriðja hugmyndin segir að til að leysa vandann þurfi nýja hugsun, skilning og áráði hjá fólki, fyrirtækjum og stofnunum til að breyta kerfinu til betri vegar.

Einn liður í þessari endurhugsun sem Senge og meðhöfundar (2008) benda á er að skoða gagnrýnið þá forgangsröðun sem hefur verið við lýði í hinu hnattræna kerfi iðnaðarsamfélagsins. Þar er það efnahagslífið sem hefur haft mest vægi. Samfélagið og umhverfið markast af þörfum og óskum þeirra skipulagsheilda sem standa vörð um eins takmarkalaus hagsmuni efnahagslífsins og kostur er. Að mati Senge og meðhöfunda er sú kerfisbundna nálgun og útfærsla sem þar hefur ríkt ósjálfbær. Nauðsynlegt sé í fyrsta lagi að gefa umhverfinu mest vægi og skilgreina hvar þölmörkin séu fyrir sjálfbæra nýtingu. Í öðru lagi er nauðsynlegt að hið mannlega samfélag hafi næstmest vægi í forgangsröðun hagsmuna og að efnahagslífið þurfi að laga sig að þeim ramma og skilyrðum sem felast í sjálfbæru kerfi á þeim grunni. Hér víkja Senge og meðhöfundar að umhverfismálum og umræðu um þölmörk jarðar en nýjar rannsóknir á því sviði benda m.a. til að efnatengd mengun og plastmengun sé nú á því stigi að öryggismörkum sé ógnað (Persson o.fl., 2022). Varðandi mannlega samfélagið má líka benda á kenningar Kate Raworth (2017) sem kenndar eru við kleinuhring (Doughnut Economics) þar sem ytri jaðarinn markast af umhverfisþáttum og innri jaðarinn af samfélagsþáttum (Wahlund og Hansen, 2022).

Það má skoða samantektina hér að framan sem tilraun til að útskýra aðdraganda og samhengi þess að í dag eru fyrirtæki, félög og stofnanir í síauknum mæli að bregðast við kröfum um skýrslugerð sem gengur undir skammstöfuninni UFS skýrslugerð (Chalmers o.fl., 2021; PWC, 2021). U vísar þar til þátta í umhverfinu, F til þátta í samfélaginu og S til þátta sem falla undir stjórnarhætti. Ekki er annað að sjá en að röðun í skammstöfuninni sé að kallast á við þá mynd af sjálfbærum heimi sem Peter Senge og meðhöfundar nefna „the ‘Real’ Real World“ (2008, bls. 102). Sú mynd undirstrikar þörfina á að hverfa frá þeirri nálgun að samfélag og umhverfi þjóni hinu efnahagslega samhengi og sjá þess í stað hið samfélagslega sem hlutmengi í umhverfinu og hina efnahagslegu starfsemi sem hlutmengi í samfélaginu (Senge o.fl., 2008). Tilefni UFS skýrslugerðar hjá fyrirtækjum og stofnunum er því ærið.

Eins og samantektin gefur vísbendingar um er samfélagsábyrgð og sjálfbærni sem fræðigreinar mjög víðtækt viðfangsefni. Í raun er um að ræða tvö fræðasvið sem eiga ólíkan uppruna en eru að tengjast meira og meira (Montiel, 2008; Strand o.fl., 2015; Meseguer-Sánchez o.fl., 2021), ekki síst í þeirri hagnýtu birtingarmynd sem UFS skýrslugerð er. Umfjöllunin í þessari grein afmarkast við það sem hér er nefnt samfélagsskýrslur og hefur að geyma frásagnir og greinargerðir fyrirtækja og stofnana um aðgerðir og skuldbindingar varðandi UFS

þætti í starfsemi þeirra. Valið á samfélagsskýrslum sem rannsóknarefni kemur til af því að rannsóknir á þeim eru skammt á veg komnar. Erlendis hafa rannsóknir á samfélagsskýrslum m.a. tekið fyrir verðmætasköpun fyrirtækja (Clarkson o.fl., 2019; Li o.fl., 2018), gagnsemi fyrir fjárfesta (Amel-Zadeh og Serafeim, 2018), upplýsingar um frammistöðu fyrirtækja (Rezaee og Tuo, 2019) og hættuna á því að fyrirtæki stundi grænþvott með skýrslugerðinni (Uyar o.fl., 2020; Pei-Yi Yu o.fl. 2020).

Umgjörðin fyrir skýrslugjöf hefur verið að þróast umtalsvert á síðustu árum. Ýmis konar staðlar og ramar hafa verið í þróun til að auka samræmi UFS upplýsinga, áreiðanleika þeirra og möguleika til að gera samanburð á milli ára og á milli fyrirtækja (Value Reporting Foundation: SASB Standards, e.d.). Þessi upplýsingagjöf gefur innsýn í það hvað viðkomandi aðilar eru að gera varðandi samfélagsábyrgð og sjálfbærni (Matten og Moon, 2020) og fjárfestar taka mið af þessum upplýsingum við samanburð á fjárfestingarkostum (Maniora, 2015) og við fjárfestingarákvarðanir (Chalmers o.fl., 2021; PWC, 2021). Upplýsingagjöf fyrirtækja þarf að vera tímanleg, viðeigandi, áreiðanleg og samanburðarhæf (Arvidsson og Dumay, 2021; Bragi Rúnar Jónsson, 2022).

Til að ýta undir traust hagsmunaaðila og sýna fram á áreiðanleika er talið mikilvægt að gögn og upplýsingagjöf sé staðfest af utanaðkomandi aðilum (Burke og Clark, 2016; PWC, 2021). Máli skiptir að framkvæmd sé stöðluð (Burke og Clark, 2016) og að staðfestingaraðilar séu fagfólk sem hafi þekkingu á UFS þáttum og tengingu þeirra við ytri og innri þætti í starfsemi fyrirtækja (PWC, 2021). Staðreyndin að einungis lágt hlutfall þeirra samfélagsskýrslna sem gefnar hafa verið út á evrópska efnahagssvæðinu hafa verið staðfestar er áhyggjuefni að mati notenda skýrslanna (European Commission, 2021) og sú staða hefur aukið þrýsting á að tilskipanir Evrópusambandsins sem skylda fyrirtæki til að veita UFS upplýsingar í samræmi við evrópska staðla komi til fullra framkvæmda (European Commission, 2021; Nielsen, 2023).

Hér á landi hefur þróunin verið í sömu átt og í nágrannalöndunum. Árið 2016 voru sett lög á Alþingi um að stór fyrirtæki verði að gera grein fyrir ófjárhagslegum upplýsingum ýmist í ársskýrslu eða með samfélagsskýrslu (Ketill Berg Magnússon, 2017). Fyrstu UFS leiðbeiningarnar voru svo gefnar út af Nasdaq á Íslandi í samstarfi við fjölmarga aðila árið 2017 og þær voru uppfærðar árið 2020 (Nasdaq á Íslandi, 2020). Stór fyrirtæki á Íslandi voru lengi vel eftirbátar stórra fyrirtækja í öðrum löndum í þessari upplýsingagjöf en einungis 52 af 100 stærstu fyrirtækjum á Íslandi gáfu út samfélagsskýrslu á árinu 2020 (KPMG, 2022). Þetta hefur breyst hratt því á árinu 2022 gáfu 91 af 100 stærstu fyrirtækjum á Íslandi út samfélagsskýrslu vegna breytinga sem voru gerðar á ársreikningalögum árið 2020 (KPMG, 2022). Þá má gera ráð fyrir að tilskipun Evrópusambandsins um sjálfbærnireikningsskil (Corporate Sustainability Reporting Directive, CSRD) muni styðja þessa þróun (Rakel Sveinsdóttir, 2022) en nú er unnið að innleiðingu þeirrar tilskipunar í íslenska löggjöf þar sem lagt er til að breytingar taki til skýrslugjafar fyrirtækja fyrir rekstrarárið 2025 (Menningar- og viðskiptaráðuneyti, 2024).

Til að átta sig á stöðunni varðandi dýpt og frágang fyrirtækja á Íslandi á samfélagsskýrslum er í þeirri rannsókn sem hér er greint frá rýnt í þær skýrslur sem hafa verið gefnar út árið 2021 á Íslandi. Samfélagsskýrslur innihalda mikið af efni og gögnum sem eru sett fram til að skýra stöðu og árangur fyrirtækja í UFS þáttum til upplýsingar fyrir fjárfesta og aðra notendur. Þar sem stutt er síðan útgáfa samfélagsskýrslna á Íslandi hófst var gerð greining á efni og upplýsingum í þeim til þess að svara tveimur rannsóknarspurningum. Fyrri rannsóknarspurningin snýr að því hvort samfélagsskýrslur séu samanburðarhæfar, staðlaðar og hvort utanaðkomandi óháður aðili væri að staðfesta gögn og upplýsingar sem koma fram í þeim. Seinni rannsóknarspurningin beinist síðan að því að kanna hvort nægilegar upplýsingar væru í samfélagsskýrslum til að upplýsa fjárfesta og aðra notendur um stöðu UFS þátta, þróun þeirra, hver árangur fyrirtækja hefur verið og hvert þau stefna í málaflokknum. Rannsóknin var framkvæmd með að greina samfélagsskýrslur 33 fyrirtækja auk þess sem rannsókn Arvidsson og Dumay (2021) var höfð til hliðsjónar.

Uppbygging greinarinnar er að fyrst kemur fræðileg umfjöllun um efnið og í kjölfarið er gerð grein fyrir þeirri aðferð sem stuðst er við í rannsókninni og þeim gögnum sem greind eru. Þá koma niðurstöður og að endingu umræða og lokaorð.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Útgáfa samfélagskýrslna hefur færst í vöxt og skiptir þar miklu þau viðmið sem Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út (sjá United Nations Global Compact, e.d.). Fleiri stofnanir hafa gefið út leiðbeinandi efni, eins og Kauphöll Íslands (sjá UFS leiðbeiningar Nasdaq, 2020), en þá hefur löggjöf verið sett í þeim tilgangi að treysta grundvöll fyrir veitingu upplýsinga um sjálfbærni. Undanfari útgáfu eins og þeirrar sem Kauphöllin hefur gefið út eru tilskipanir Evrópusambandsins, fyrst og fremst sú sem heitir Non-Financial Reporting Directive (NFRD, 2014/95/ESB). Íslensk löggjöf kemur í kjölfarið en Alþingi Íslands samþykkti í júní 2016 breytingar á lögum um ársreikninga þar sem sett voru inn ákvæði um upplýsingagjöf fyrirtækja um ófjárhagslegar upplýsingar og fjölbreytileika (Lög um breytingu á lögum um ársreikninga, 2016). Hér fer fræðilegt yfirlit um hvernig skýrslugjöf fyrirtækja um samfélagsábyrgð hefur þróast og hver sé tilgangurinn með því að upplýsa um málefnið. Farið er stuttlega yfir löggjöf um ófjárhagslega upplýsingagjöf og fyrirséðar breytingar á henni. Þá er fjallað um helstu staðla sem settir hafa verið fram um hvernig eigi að upplýsa um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Að endingu er fjallað um samræmingu staðla, auk mikilvægi staðfestingar óháðra aðila á samfélagskýrslum.

2.1 Samfélagsábyrgð og skýrslugjöf

Fyrirtæki nota ólíkar aðferðir við veitingu samfélags- og sjálfbærniupplýsinga. Sum þeirra gefa út UFS skýrslur, önnur birta upplýsingar um UFS þætti sem hluta af ársskýrslum sínum. Þá eru fyrirtæki sem birta samþætta skýrslugjöf (Maniora, 2015). Samþætt skýrslugjöf býður upp á heildstæðari mynd af verðmætasköpun fyrirtækja þar sem ófjárhagslegum upplýsingum um UFS þætti er tvinnnað saman við fjárhagslegar upplýsingar. Hefðbundnar ársskýrslur eru byggðar á fjárhagslegum upplýsingum en oft er sérstakur kafli með ófjárhagslegum upplýsingum. Áhersla UFS skýrslna er meira á ákveðna þætti, þannig að ákvörðun fyrirtækja um hvernig eigi að standa að skýrslugjöf um fjárhagslegar og ófjárhagslegar upplýsingar getur orðið flókin (Burke og Clark, 2016). Það voru um 60% fyrirtækja sem upplýstu um sjálfbærni í ársskýrslum sínum fyrir árið 2019, en af þeim skilgreindu 16% fyrirtækja skýrslugjöf sína sem samþætta skýrslu og um 20% þeirra gerðu sérstaka skýrslu (KPMG, 2020). Samtals voru 5.200 stór fyrirtæki í greiningu KPMG árið 2020 þar sem samfélagskýrslur 100 stærstu fyrirtækja í 52 löndum voru skoðaðar. Rannsókn Maniora (2015) sýndi að samþætt skýrsla væri betri en upplýsingagjöf sem væri hluti af ársskýrslu. Það var vegna þess að samþættingin á fjárhagslegum og ófjárhagslegum upplýsingum væri betri. Hins vegar væri samþætt skýrsla ekki betri en sérstök samfélagskýrsla, þar sem áhersla í sérstakri skýrslu er á á UFS þætti á meðan áhersla notenda samþættrar skýrslu er oft meiri á fjárhagslegar upplýsingar (Maniora, 2015).

2.2 Tilgangur skýrslu um samfélagslega ábyrgð

Samfélagsábyrgð fyrirtækja er venjulega réttlætt með jákvæðum áhrifum hennar á fjárhagslega afkomu fyrirtækja, þó reyndin sé að áhrifin eru ekki alltaf jákvæð (Carroll og Shabana, 2010). Flókin innbyrðis tengsl geta verið á milli samfélagsábyrgðar og fjárhagslegrar frammi-stöðu fyrirtækja. Ávinningur af samfélagsábyrgð er ekki alltaf sá sami og erfitt getur verið að yfirfæra árangursríkar aðgerðir milli fyrirtækja (Carroll og Shabana, 2010). Viðskiptaleg rök fyrir samfélagsábyrgð fyrirtækja falla almennt í fjóra flokka sem eru að (1) draga úr kostnaði og áhættu, (2) styrkja lögmæti og orðspor, (3) byggja upp samkeppnisforskot og (4) skapa aðstæður þar sem allir njóta ávinnings (Kurucz o.fl., 2008). Árangursrík stefna um samfélags-

ábyrgð byggist á því að fyrirtæki skilji að ávinningurinn getur verið háður aðstæðum. Fyrirtæki þurfa að skilja tiltækar aðgerðir og velja þær sem samrýmast efnahagslegum markmiðum þess og samfélagslegum markmiðum (Carroll og Shabana, 2010).

Gögn sem eru nýtt í skýrslum fyrirtækja um samfélagslega ábyrgð sem miðla ófjárhagslegum upplýsingum geta komið úr ýmsum áttum og verið bæði söguleg og áætluð tölugögn. Tímafrekt getur verið að safna saman áreiðanlegum gögnum og staðfesta þau til að tryggja áreiðanleika þeirra og nothæfi. Þá getur verið erfitt fyrir fyrirtæki að ákveða hvaða gögn séu viðeigandi fyrir viðskiptalíkan þeirra (Burke og Clark, 2016). Könnun KPMG (2022) þar sem samfélagsskýrslur 100 stærstu fyrirtækja í 58 löndum voru skoðaðar sýndi að 61% stórra fyrirtækja leggja mikla áherslu á að upplýsa um jákvæð samfélagsleg áhrif sín út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (SP) en skýra takmarkað frá neikvæðum áhrifum rekstrar. Í könnun KPMG (2022) kom fram að 29% þessara fyrirtækja upplýstu ekki um stöðu sína út frá heimsmarkmiðum SP. Slík takmörkun dregur úr gagnsæi og trausti til skýrslugjafar. Það getur leitt til þess að trúverðugleiki UFS upplýsinga gagnvart fjárfestum minnki og fyrirtæki geta átt á hættu að vera sökuð um grænþvott (KPMG, 2022).

Niðurstöður könnunar sem PWC gerði árið 2021 og 325 alþjóðlegir fjárfestar svöruðu varpa ljósi á þrjá þætti sem stjórnendur fyrirtækja þurfa að huga að þegar gagna vegna sjálfbærni-upplýsinga er aflað. Í fyrsta lagi þurfa stjórnendur að innleiða UFS þætti inn í stefnumótun fyrirtækja og tryggja að allir hagsmunaaðilar skilji mikilvægi UFS þátta (sjá líka Benameur o.fl., 2023; Carmo og Miguéis, 2022). Í öðru lagi þurfa stjórnendur að tryggja að skýrslugjöf um UFS þætti sé heildstæð, hvort sem fyrirtæki geri það í ársskýrslum, sjálfbærnisráðgjöf eða fjárfestakynningum. Að lokum þurfa stjórnendur að tryggja staðlaðri upplýsingagjöf, meira gagnsæi og áreiðanleika í UFS skýrslugjöf. Fjárfestar vilja að fyrirtæki skýri frá upplýsingum á staðlaðan hátt og að fullu, þannig að fyrirtæki séu ekki aðeins að skýra frá jákvæðum þáttum heldur líka þeim þáttum sem skapa áskoranir fyrir þau. Fjárfestar vilja að upplýsingar um UFS þætti séu viðeigandi fyrir viðskiptalíkan fyrirtækja en ekki sé verið að upplýsa um óviðeigandi starfshætti eða stunda grænþvott (Chalmers o.fl., 2021; PWC, 2021).

Niðurstöður rannsóknar sem Arvidsson og Dumay (2021) gerðu á UFS skýrslugjöf í Svíþjóð voru að gæði upplýsinga hefði aukist mikið, en að frammistaða sænskra fyrirtækja í UFS þáttum hafi náð hámarki árið 2015. Magn og gæði UFS upplýsinga er ekki vandamál, heldur þarf að setja meiri áherslu á betri frammistöðu fyrirtækja í UFS þáttum. Arvidsson og Dumay (2021) töldu að fyrirtæki ættu að veita upplýsingar sem væru viðeigandi, áreiðanlegar og sam-anburðarhæfar auk þess sem þær ættu að sýna bættu frammistöðu í UFS þáttum. Þannig gætu fjárfestar beint fjármagni í fjárfestingar sem stuðla að þróun sjálfbærni og minnkun gróðurhúsalofttegunda (Arvidsson og Dumay, 2021).

Tilskipun 2014/95/ESB um ófjárhagslegar upplýsingar átti að stuðla að því að fyrirtæki skýri frá áhrifum sjálfbærnimála á rekstur og hvernig rekstur þeirra hefur áhrif á fólk og umhverfi. Fjárfestar og aðrir hagaðilar töldu margir að upplýsingar vantaði og að skýrslugjöfin væri ekki nægjanleg til að hægt væri að greina þessi áhrif. Erfitt var að bera saman skýrslugjöf fyrirtækja og traust var ekki til staðar hvað gæði gagnanna varðar. Fjárfestar þurfa góðar upplýsingar um sjálfbærnimál fyrirtækja og að geta skilið þær, ekki síst þegar grænar fjárfestingar eru metnar (European Commission, 2021). Tilskipun um sjálfbærnireikningsskil (CSRD) sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti og innleiddi í janúar 2023 (European Commission, e.d.) kemur í staðinn fyrir tilskipun 2014/95/ESB og mun fjölga verulega þeim fyrirtækjum sem þurfa að skila samfélagsskýrslum. Öll fyrirtæki sem hafa skráð verðbréf á markaði, auk óskráðra stórra fyrirtækja, munu falla undir gildissvið tilskipunarinnar, en einungis skráð örfyrirtæki sem hafa færri en 10 starfsmenn verða undanskilin kröfu um skýrslugjöf. Talið er að 49.000 fyrirtæki í Evrópu muni þurfa að útbúa skýrslu um sjálfbærni vegna innleiðingar CSRD (Hobbs og Wollmert, 2021).

2.3 Lög um ófjárhagslegar upplýsingar

Alþingi Íslands samþykkti í júní 2016 breytingar á lögum um ársreikninga, þar sem voru sett inn ákvæði um upplýsingagjöf fyrirtækja um ófjárhagslegar upplýsingar og fjölbreytileika. Þetta ákvæði á við um stór fyrirtæki sem hafa að jafnaði fleiri en 250 starfsmenn (Lög um breytingu á lögum um ársreikninga, 2016) en lögin voru sett til að innleiða tilskipun Evrópusambandsins um einföldun og innleiðingu ársreikninga (Þingskjal 189, 2016-2017). Árleg útgáfa greinargerðar um samfélagsábyrgð varð að skyldu fyrir stór fyrirtæki í fyrsta sinn í ársreikningi fyrir árið 2016. Á þessum tíma voru mörg íslensk fyrirtæki byrjuð að veita upplýsingar um samfélagsábyrgð í ársskýrslu eða sérstakri samfélagskýrslu (Ketill Berg Magnússon, 2017).

Evrópuþingið hafði árið 2013 lagt áherslu á birtingu upplýsinga um sjálfbærni til að fyrirtæki geri áhættugreiningu fyrir málaflökkinn og stuðli með því að auknu trausti fjárfesta og neytenda. Evrópuþingið lagði til að Evrópusambandið innleiddi nýja löggjöf um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga til að ná fram samanburðarhæfni upplýsinga og auknu vægi samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja. Tilskipun 2014/95/ESB var ætlað að samhæfa kröfur um gagnsæi samfélagslegra upplýsinga og umhverfisupplýsinga og lögð var áhersla á mikilvægi þessara upplýsinga frá stærri fyrirtækjum (Þingskjal 189, 2016-2017; Directive 2014/95/EU, 2014).

Notendur reikningsskila þurfa almennt ítarlegri og víðfeðmari upplýsingar um stærri fyrirtæki, sem veita upplýsingar um fleiri svið en minni fyrirtæki þurfa að gera (Al-Shaer o.fl., 2022). Kröfur um upplýsingagjöf sem snýr að samfélagsábyrgð fyrirtækja hafa aukist. Tilskipun 2014/95/ESB hafði áhrif á um það bil 6.000 fyrirtæki í Evrópusambandinu en hún átti að skapa hagræði af auknu gagnsæi án þess að skapa óþarfa stjórnunarbyrði, sérstaklega fyrir minni fyrirtæki (European Commission, 2019a). Bent hefur verið á að áhætta felist í því að eftirlitsaðilar haldi ekki í við þróun á regluverki og innleiðingu nýrra tæknilausna á sviði sjálfbærni og samfélagskýrslna (Mousa og Ozili, 2022).

Tilskipun 2014/95/ESB skyldar fyrirtæki til að upplýsa um ófjárhagslegar upplýsingar sem skýra þróun og árangur varðandi umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál, mannréttindi og aðgerðir gegn spillingu og mútum (Þingskjal 730, 2015-2016). Fram þarf að koma lýsing á viðskiptalíkani fyrirtækis og stefnu í ofangreindum málaflökkum og hvaða árangri hafi verið náð. Fyrirtæki þarf að koma fram með lýsingu á áhættu vegna starfsemi þess í málaflökkunum ásamt því að setja fram lykilmælikvarða. Tiltekið er hvaða þætti þarf að fjalla um í hverjum flokki fyrir sig, eins og losun gróðurhúsalofttegunda og loftmengun í umhverfiskafla, jafnrétti og vinnuaðstæður í samfélagslega kaflanum, og hvernig koma eigi í veg fyrir mannréttindabrot. Tilskipun 2014/95/ESB tilgreinir að fyrirtæki sem hafa skráð verðbréf á verðbréfamarkaði skulu birta árlega upplýsingar um fjölbreytileika stjórnar og framkvæmdastjórnar sem hluta af yfirlýsingu um stjórnarhætti. Ef fyrirtækið hefur ekki stefnu í einhverjum af þessum málaflökkum þá þarf það að útskýra á skýran hátt af hverju svo er ekki (Þingskjal 189, 2016-2017; Directive 2014/95/EU, 2014).

Fyrirtæki þurfa að lýsa því hvernig þau kanna og tryggja áreiðanleika gagna sem þau veita í ófjárhagslegum upplýsingum. Fyrirtæki mega nýta sér innlenda, evrópska og alþjóðlega ramma til að útbúa skýrslur um ófjárhagslegar upplýsingar. Skal tilgreina hvaða rammi er notaður. Löggiltir endurskoðendur þurfa að staðfesta að ófjárhagslegar upplýsingar komi fram í ársskýrslu fyrirtækis eða í sérskýrslu, en ekki að endurskoða þau gögn sem þar koma fram. Aðildarríki mega gera kröfu um að óháður eftirlitsaðili staðfesti þær upplýsingar sem koma fram í þessum skýrslum (Þingskjal 189, 2016-2017; Þingskjal 730, 2015-2016; Directive 2014/95/EU, 2014).

2.4 Leiðbeiningar um upplýsingagjöf um ófjárhagslegar upplýsingar

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út leiðbeiningar í júní 2017 til að hjálpa fyrirtækjum að upplýsa um umhverfislega og samfélagslega þætti á samanburðarhæfan hátt. Markmið með útgáfu leiðbeininganna var að auka gagnsæi og hvetja fyrirtæki til að tileinka sér sjálf-

bæra nálgun. Valkvætt er fyrir fyrirtæki að nota þessar leiðbeiningar en þær byggja á reynslu og góðum starfsvenjum vegna notkunar á öðrum viðmiðum og leiðbeiningum. Viðeigandi upplýsingagjöf um ófjárhagslegar upplýsingar er mikilvægur þáttur til að styðja við sjálfbæra fjármögnun og hún styður markmið Evrópusambandsins um að þróa sjálfbæran fjármagnsmarkað (European Commission, 2017).

Leiðbeiningar um loftslagstengd málefni sem voru gefnar út í júní 2019 eru viðbót við gildandi leiðbeiningar um ófjárhagslegar upplýsingar sem voru gefnar út í júní 2017. Þessar leiðbeiningar innleiða tilmæli fjármálastöðuleikaráðs um loftslagstengdar fjármálaupplýsingar (Task Force on Climate-Related Financial Disclosures – TCFD). Þær eru í samræmi við tillögur ráðgjafahóps um sjálfbæra fjármögnun (Technical Expert Group on Sustainable Finance – TEG). Tillögur TEG eru um væntanlegt flokkunarkerfi um sjálfbæra starfsemi, staðal um græn skuldabréf í Evrópusambandinu og viðmið fyrir skýringar á UFS og loftslagstengdum málum. Leiðbeiningarnar eiga að hjálpa fyrirtækjum að skýra frá áhrifum sem þau hafa á loftslag og hvernig loftslagsbreytingar hafa áhrif á starfsemi þeirra sjálfrá (European Commission, 2019b). Lagt er til í leiðbeiningunum að fyrirtæki upplýsi um hversu miklu þau verji í aðgerðir sem tengjast loftslagsbreytingum (European Commission, 2019a).

2.5 Lagasetning um samfélagsskýrslur

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti og innleiddi tilskipun um sjálfbærni-reikningsskil fyrirtækja (CSRD) í janúar 2023 (European Commission, e.d.) sem kemur í staðinn fyrir tilskipun 2014/95/ESB um ófjárhagslegar upplýsingar. CSRD tilskipunin styður við grænt samkomulag Evrópu (European Green Deal) og er liður í stefnu Evrópusambandsins sem hefur að markmiði að berjast gegn loftslagsbreytingum (Hobbs og Wollmert, 2021). Tilskipunin tók gildi 5. janúar 2023 í Evrópusambandinu og eiga samfélagsskýrslur fyrirtækja fyrir reikningsárið 2024 að miðast við þessa tilskipun (European Commission, e.d.). Tilskipunin mun breyta skýrslugerð um sjálfbærni og auka gagnsæi um frammistöðu fyrirtækja í þessum málum, auka umfang upplýsingagjafar og fjölga töluvert fyrirtækjum sem þurfa að veita upplýsingar um sjálfbærni. Samfélagsskýrsla mun verða hluti af skýrslu stjórnar og verður að vera staðfest af óháðum aðila, en stjórn og eftirlitsnefndir bera ábyrgð á innihaldi hennar (Daelman, e.d.).

Útgangspunkturinn er að fjárfestar geri kröfu um að fyrirtæki upplýsi um sjálfbærni, þar sem þeir vilja geta metið samfélagsleg áhrif fjárfestinga. Upplýsingagjöf um sjálfbærni mun verða rafræn og fyrirtækjum gert skylt að skila upplýsingum inn í samræmdan opinn gagnagrunn sem verður aðgengilegur öllum. Til að koma til móts við aukna skýrslugjöf frá litlum og meðalstórum fyrirtækjum er gert ráð fyrir að staðall um sjálfbærni-reikningsskil fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki verði einfaldari en fyrir stærri fyrirtæki. Litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem eru skráð á verðbréfamarkaði verður skylt að útbúa og birta samfélagsskýrslu en valkvætt fyrir óskráð fyrirtæki. Þetta mun auðvelda smærri fyrirtækjum að taka saman gögn um sjálfbærni og hjálpa þeim að vera þátttakendur í vegferð að sjálfbæru samfélagi (European Commission, 2021).

Tilskipunin gerir ráð fyrir að samfélagsskýrslur fyrirtækja verði endurskoðaðar og staðfestar af óháðum ytri aðila sem mun tryggja að upplýsingar séu áreiðanlegar og réttar. Áreiðanleiki upplýsinga um sjálfbærni hefur verið eitt helsta áhyggjuefni fjárfesta og annarra hagsmunaaðila og er verið að bregðast við því með þessum breytingum. Fyrst um sinn verður gerð krafa um „takmarkaða“ staðfestingu, sem er töluverð framþróun frá núverandi stöðu án þess að auka stjórnunarlega byrði og kostnað of mikið. Staðfesting yrði framkvæmd af óháðum aðilum sem eru ekki endilega sömu aðilar og endurskoða og staðfesta fjárhagslegar upplýsingar eða ársreikninga fyrirtækja. Slíkt myndi auðvelda aðgengi nýrra staðfestingaraðila (European Commission, 2021). Staðfestingaraðilar samfélagsskýrslna munu þurfa að uppfylla sömu kröfur og löggiltir endurskoðendur þurfa að uppfylla í dag (Hobbs og Wollmert, 2021). Á Íslandi er gert ráð fyrir að löggiltir endurskoðendur muni staðfesta sjálfbærni-reikningsskil fyrirtækja

og tryggja verður að endurskoðendur hafi menntun og þekkingu á þessu sviði (Menningar- og viðskiptaráðuneyti, 2024) sem er ekki sama nálgun og er í CSRD tilskipuninni.

Stjórn, stjórnendur og endurskoðunarnefnd munu bera sameiginlega ábyrgð á innihaldi samfélagskýrslu. Stjórnendur munu þurfa að staðfesta að upplýsingar um sjálfbærni séu réttar og að þeir beri ábyrgð á þeim (Daelman, e.d.). Kostnaður við gerð samfélagskýrslna mun aukast þar sem þörfin er orðin meiri og almennari á þessari upplýsingagjöf. Mismunandi staðlar og rammar sem eru í notkun núna auka þennan kostnað, en innleiðing á samræmdum Evrópustaðli auk stafrænnar þróunar á upplýsingasöfnun ætti að draga úr kostnaðinum til lengri tíma litið (European Commission, 2021).

Tómas Njáll Möller, formaður Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, hefur sagt að íslensk fyrirtæki þyrftu að undirbúa sig fyrir breytingar á lögum og upplýsingagjöf um sjálfbærni vegna nýrrar tilskipunar frá Evrópusambandinu um sjálfbærnireikningsskil (Rakel Sveinsdóttir, 2022). CSRD tilskipun um upplýsingagjöf um sjálfbærni fyrirtækja hefur verið samþykkt og innleidd af Evrópusambandinu (European Commission, e.d.) og verið er að vinna í innleiðingu hennar á Íslandi, þar sem breytingar ættu að taka til skýrslugjafar íslenskra félaga fyrir rekstrarárið 2025 (Menningar- og viðskiptaráðuneyti, 2024). Tilskipunin er mikilvægur þáttur í að byggja upp heildstætt regluverk um sjálfbærni í rekstri fyrirtækja. Aukin upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni eykur traust til fyrirtækja og getur auðveldað fjármögnun þeirra á hagkvæmari kjörum. Regluverk Evrópusambandsins um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar tengjast loftslagsmarkmiðum SP og heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun (Rakel Sveinsdóttir, 2022).

Núverandi lög veita fyrirtækjum svigrúm til að meta áhrif þeirra á samfélag og umhverfi og hvernig þau stýra þessum áhrifum. Fyrirtæki geta notað viðurkennda staðla eða viðmið og er algengast að notast sé við Global Reporting Initiative (GRI) staðla eða UFS leiðbeiningar Nasdaq á Íslandi. Mismunandi viðmið með ólíkum áherslum flækja samanburð milli fyrirtækja og hefur þetta verið gagnrýnt af hogaðilum sem vilja meira samræmi. CSRD tilskipun Evrópusambandsins á að taka á þessum málum, samræma kröfur um upplýsingagjöf og gera þær ítarlegri með innleiðingu sjálfbærniastaðla Evrópusambandsins (Eva Margrét Ævarsdóttir, 2022).

2.6 Samræming staðla og ramma

Notkun staðla við gerð sjálfbærnisráðgjafna fyrirtækja er almenn og kemur fram í könnun KPMG frá 2020 sem náði til 5.200 fyrirtækja að hlutfallið hafi verið komið í 77% af 100 stærstu fyrirtækjum í 52 löndum. GRI staðlar eru nýttir af 67% fyrirtækjanna en annars eru þau helst að notfæra sér staðla frá Sustainability Accounting Standards Board (SASB) og International Organization for Standardization (ISO) (KPMG, 2020). Sambærileg niðurstaða kemur fram í könnun KPMG frá 2022 þegar samfélagskýrslur 100 stærstu fyrirtækja í 58 löndum voru skoðaðar, þar kemur fram að algengast er að GRI staðlar séu notaðir en jafnframt að algengast sé að SASB staðallinn sé notaður meðal fyrirtækja í Bandaríkjunum. Það flækir samanburð á sjálfbærniupplýsingum fyrirtækja á milli landa og markaða að fyrirtæki notist ekki við sömu staðla (KPMG, 2022).

Niðurstaða úr rannsókn Lokuwaduge og Heenetigala (2016) þar sem skoðaðar voru UFS skýrslur skráðra fyrirtækja í Ástralíu sýndi að aðkoma hagsmunaaðila er nauðsynleg til að efla sjálfbæra þróun fyrirtækja og að UFS skýrslugjöf getur verið ólík þar sem hún mótast af lögum og reglum sem gerir samanburð milli fyrirtækja erfiðan. Fyrirtæki hafa val um það hvort þau upplýsi um þætti sem hafa neikvæð áhrif á lögmæti þeirra eða geta sett upplýsingar fram á ólíkan hátt þar sem ekki hefur verið staðlað hvaða mælieiningar skuli nota. Mikilvægt er að þróa samræmda upplýsingagjöf sem eykur réttmæti hennar og nýtist fjárfestum og öðrum hagsmunaaðilum til að fá áreiðanlegar og samanburðarhæfar upplýsingar um UFS frammi-stöðu fyrirtækja (Lokuwaduge og Heenetigala, 2016). Þörf er á aðkomu ólíkra hagsmunaaðila til þess að fá fram mismunandi þarfir þeirra fyrir notkun skýrslanna.

Kröfur um samræmingu staðla um ófjárhagslega upplýsingagjöf hefur aukist á undanförunum árum og koma þær bæði frá fyrirtækjum og fjárfestum (KPMG, 2020; KPMG, 2022). Upplýsingagjöf um sjálfbærni þarf að útskýra áhrif UFS þátta á fjárhagslega afkomu og hvaða áhrif fyrirtæki hafa á samfélög og umhverfi (Value Reporting Foundation: SASB Standards, 2020; CDP, CDSB, GRI, IIRC og SASB, 2020). Í september 2020 tilkynntu Carbon Disclosure Project (CDP), Climate Disclosure Standards Board (CDSB), Global Reporting Initiative (GRI), International Integrated Reporting Council (IIRC) og Sustainability Accounting Standards Board (SASB) sameiginlega sýn þessara samtaka á samþættingu skýrslukerfis fyrir fyrirtæki sem innihéldi bæði fjárhagslegar upplýsingar og upplýsingar um sjálfbærni. Útskýrt er hvernig staðlar og rammar um sjálfbærni geti samræmst reikningsskilastöðlum (Value Reporting Foundation: SASB Standards, e.d.) og geta verið góður grunnur til þess að þróa alþjóðlega staðla um upplýsingagjöf um sjálfbærni (Value Reporting Foundation: SASB Standards, 2020). Flækjustig í kringum upplýsingagjöf um sjálfbærni er mikið og óvíst að flækjustigið auki gæði sjálfbærnisráðgjafna (Tarquinio og Posadas, 2020; Pizzi o.fl., 2022) og því er mikilvægt að hafa skýran ramma og aðgangi að sjálfbærniupplýsingum sé opið og gott (Ottstein o.fl., 2022).

2.7 Staðfesting samfélagsskýrslna

Staðfesting gagna er lykilatriði til að tryggja að skýrslugjöf sé áreiðanleg og rétt, og fyrirtæki munu hafa mismunandi ástæður til þess að staðfesta skýrslugjöf meðan hún er ekki skylda (Burke og Clark, 2016). Það getur dregið úr áreiðanleika UFS gagna í sjálfbærnisráðgjafna fyrir tækja ef þau eru ekki staðfest af utanaðkomandi aðilum og getur verið hindrun fyrir fjárfesta að nýta sér þau við val fjárfestinga vegna hættu á grænþvotti (Pei-yi Yu o.fl., 2020). Fjárfestar hafa meira traust á upplýsingagjöf fyrirtækja um sjálfbærni ef upplýsingarnar hafa verið staðfestar af utanaðkomandi aðila, en áreiðanleiki er grundvallareiginleiki góðrar skýrslugerðar. Fjárfestar vilja að gögn séu staðfest og að fyrirtæki eigi ekki að hafa val um það. Þá vilja fjárfestar að staðfestingaraðilar hafi þekkingu á UFS þáttum sem verið er að staðfesta, að gæðakerfi sé til staðar og siðferðisrammi sé nýttur til að tryggja sjálfstæði, heilindi og hlutlægni staðfestingaraðila (PWC, 2021).

Það eru margir ólíkir aðilar sem bjóða upp á að staðfesta ófjárhagsleg gögn og er breytilegt hvað verið er að staðfesta í hverju tilfelli. Mikilvægt er að tryggja að endurskoðun ófjárhagslegra upplýsinga sé gerð á staðlaðan hátt (Burke og Clark, 2016). Hlutfall sjálfbærnisráðgjafna sem eru staðfestar af þriðja aðila fór í fyrsta skiptið yfir 50% í könnun KPMG um samfélagsskýrslur 100 stærstu fyrirtækja í 52 löndum fyrir árið 2020, en hlutfallið var 33% árið 2005. Þetta bendir til þess að staðfesting sjálfbærniupplýsinga sé að verða almenn regla hjá stórum fyrirtækjum um allan heim (KPMG, 2020). Þetta hlutfall lækkaði niður í 47% í könnun KPMG árið 2022, þegar samfélagsskýrslur 100 stærstu fyrirtækja í 58 löndum voru skoðaðar, en líklega mun aukið regluverk stuðla að hækkun hlutfalls skýrslna sem eru staðfestar af óháðum þriðja aðila á næstu árum (KPMG, 2022). CSRD tilskipun Evrópusambandsins um sjálfbærni-reikningsskil fyrirtækja mun skylda fyrirtæki til að fá óháða utanaðkomandi aðila til að staðfesta skýrslurnar til að tryggja gæði upplýsinga í þeim, en þetta atriði hefur verið áhyggjuefni fyrir notendur skýrslanna (European Commission, 2021). Almenn séð er mikilvægt að fá óháða utanaðkomandi aðila til að staðfesta gögn sem koma fram í samfélagsskýrslum til að fjárfestar og aðrir notendur þeirra beri traust til þeirra auk þess sem það eykur samræmi og samanburðarhæfni skýrslanna.

3 Aðferðir og gögn

Greinin er byggð á rannsókn sem fyrst var greint frá í meistararitgerð en höfundar hafa uppfært rannsóknina og bætt nýju efni við. Markmið rannsóknarinnar var að skoða samfélagsskýrslur íslenskra fyrirtækja til að öðlast skilning á því hvaða upplýsingar koma fram í þeim, uppsetningu gagna og greina frammistöðu fyrirtækjanna í UFS þáttum. Rannsóknin var

eigindleg þar sem gerð var samanburðarrannsókn á samfélagsskýrslum fyrirtækja. Megin-einkenni eigindlegra rannsókna er að rannsakandi safnar og greinir gögnin til þess að öðlast skilning á þeim og niðurstöðurnar eru lýsandi (Merriam og Tisdell, 2016) og hentar þessi aðferð vel þegar viðfangsefnið er takmarkað og kafa þarf ofan í það (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Gögnum úr greiningum á skýrslunum var safnað saman í gagnagrunn í Excel til þess að auðvelda greiningu og túlkun á þeim.

Íslensk fyrirtæki sem höfðu 250 starfsmenn eða fleiri á árinu 2020 voru skoðuð í rannsókninni. Starfsmannafjöldi er eitt af þremur viðmiðum sem eru notuð til að skilgreina stór fyrirtæki og ber þeim fyrirtækjum skylda til að upplýsa um ófjárhagslegar upplýsingar (Lög um ársreikninga nr. 3/2006). Notaður var listi yfir stærstu vinnuveitendur á Íslandi á árinu 2020 sem birtur var í ritinu 300 stærstu (Trausti Hafliðason, 2021) og voru 68 fyrirtæki sem uppfylltu skilyrði um starfsmannafjölda á þeim lista. Valdar voru 33 samfélagsskýrslur fyrirtækja sem voru gefnar út á árinu 2021 vegna rekstrarársins 2020. Þess var gætt að fyrirtækin væru ekki hluti af samstæðu sem einnig gaf út samfélagsskýrslu.

Samfélagsskýrslur innihalda upplýsingar um atriði sem snúa að samfélagsábyrgð fyrirtækjanna og eru aðgengilegar á heimasíðum þeirra og því auðvelt að nýta þær til gagnaöflunar. Samfélagsskýrslur eru annars stigs heimildir þar sem verið er að nýta gögn til að greina og svara spurningum sem gögnin voru ekki ætluð fyrir þegar þau voru útbúið (Merriam og Tisdell, 2016). Samfélagsskýrslur eru teknar saman og settar fram af fyrirtækjunum sem eru til skoðunar og því er ekki víst að upplýsingar sem koma fram í þeim gefi heildstæða og sanna mynd þar sem fyrirtækin hafa val um hvað kemur fram í þeim. Skoðað var hvort fyrirtækin fái óháðan utanaðkomandi aðila til að staðfesta gögn í samfélagsskýrslum og hvort gögnin væru staðfest að hluta eða að fullu.

Gögnum var safnað um hvaða grunnur væri notaður sem viðmið í samfélagsskýrslum og hvort til staðar væru tengingar í staðla, ramma eða leiðbeiningar. Skoðað var hvort fyrirtæki tengdu samfélagsskýrslu við heimsmarkmið SP og hvaða heimsmarkmið væri verið að tengja við. Algengast er að fyrirtæki noti UFS leiðbeiningar Nasdaq til að skýra frá upplýsingum um UFS málefni en þær leiðbeiningar eru samsettar úr 30 mælikvörðum og nýtast bæði skráðum og óskráðum fyrirtækjum (Nasdaq, 2020). Skoðað var hvort upplýsingar kæmu fram í samfélagsskýrslum um þessa 30 UFS mælikvarða, hvaða umhverfisþættir eru tilgreindir og hvaða hagsmunaaðilar eru tilteknir í samfélagslegum þáttum skýrslanna.

Rannsókn Arvidsson og Dumay (2021) var höfð til hliðsjónar í þessari rannsókn en Arvidsson og Dumay (2021) lögðu mat á hvernig staða, þróun og árangur í UFS þáttum væri í samfélagsskýrslum stórra fyrirtækja sem eru skráð á sænskan verðbréfamarkað. Tilskipun 2014/95/ESB skyldar fyrirtæki að veita upplýsingar sem skýra þróun, árangur og stöðu þess í UFS þáttum (Þingskjal 730, 2015-2016) og því eiga samfélagsskýrslur fyrirtækja að upplýsa um þessa þætti. UFS þættir voru metnir með tilliti til þess hvernig fyrirtækin settu fram núverandi stöðu sína í UFS þáttum, þróun þeirra og hvaða árangri verið væri að mæla og ná, sem er svipuð nálgun og Arvidsson og Dumay (2021) gerðu. Þetta eru mikilvægir grunnþættir fyrir fyrirtæki, endurskoðendur og notendur þegar verið er að taka saman upplýsingar um sjálfbærni (Arvidsson og Dumay, 2021).

Staða umhverfisþátta var metin út frá því hversu marga þætti fyrirtækið fjallar um í samfélagsskýrslu og einnig hversu margir þættir eru útskýrðir. Ef allir umhverfisþættirnir eru útskýrðir þá fæst hlutfallið 1 en ef enginn er útskýrður þá fæst hlutfallið 0. Þróun umhverfisþátta var metin út frá því hvort fyrirtæki útskýri í orðum hvernig mælingar á umhverfisþáttum eru framkvæmdar og setji fram hvert er markmiðið með mælingunni. Þá var skoðað hvort fyrirtæki setji fram yfirlit yfir þróun yfir tímabil á myndrænan hátt. Miðað var við að yfirlitið væri að lágmarki 3 ár og tekið saman fjölda ára sem er í yfirliti. Einnig var skoðað hvort fyrirtæki útskýri breytingu á umhverfisþætti í orðum í samfélagsskýrslunni. Árangur í umhverfisþáttum var metinn út frá því hvort fyrirtæki setji fram markmið um hvert það stefnir í viðkomandi umhverfisþætti auk þess sem skoðað var hvort fyrirtæki setji fram tímaramma sem það ætlar

að ná markmiðinu á. Að lokum var skoðað hvort fyrirtæki setji fram niðurstöðu á mælingum fyrir þáttinn á tímabilinu sem það setur fram fyrir umhverfisþáttinn.

Staða samfélagslegra þátta var metin út frá því hversu margir hagsmunaaðilar eru tilteknir í samfélagskýrslu og hversu margir af þeim eru útskýrðir í skýrslunni. Þá var einnig skoðað hvort fyrirtæki útskýri val hagsmunaaðila sem eru tilteknir í skýrslunni. Þróun í samfélagslegum þáttum var metin út frá því hvort fyrirtæki lýsi samskiptum og tengslum sínum við hagsmunaaðila, annars vegar hvort markmið með samskiptum og tengslum er útskýrt og hins vegar hvort fyrirtæki útskýri hvernig framkvæmd á sér stað. Árangur í samfélagslegum þáttum er metinn út frá því hvort fyrirtæki framkvæmi greiningu á hvaða hagsmunaaðilar eru mikilvægir fyrir fyrirtækið og hvort niðurstöður fyrir markmið voru settar fram í samfélagskýrslunni.

Staða stjórnarhátta var metin út frá því hvernig fyrirtæki útskýrir stjórnarhætti sína í samfélagskýrslu og lýsi því hver núverandi staða þess er. Þróun í stjórnarháttum var metin út frá því hvort fyrirtæki notist við skilgreindar leiðbeiningar sem viðmið við gerð samfélagskýrslna, en algengast var að fyrirtæki byggi samfélagskýrslur sínar á UFS leiðbeiningum Nasdaq eða tilvísanatöflu GRI. Þá var skoðað hvort fyrirtæki væri meðlimur í viðkomandi samtökum auk þess sem kannað var hvort fyrirtæki útskýrðu viðmiðin eða samtökin sem notuð eru við gerð samfélagskýrslu. Árangur var metinn út frá því hvort fyrirtæki settu fram ramma með tilvísunum eða niðurstöðum sem hluta af samfélagskýrslu. Skoðað var hvort ramminn innihélt upplýsingar um markmið, tímabil og niðurstöður þannig að hægt væri að sjá á einum stað gögn um núverandi stöðu með samanburði við fyrri ár og hvert markmið fyrirtækis væri.

4 Niðurstöður

Samfélagskýrslur eru nýttar af fyrirtækjum til að skýra frá stöðu þeirra í UFS þáttum og sjálfbærni rekstrar þeirra. Alls voru samfélagskýrslur 33 fyrirtækja skoðaðar og eru 28 þeirra eða 85% starfandi á almenna markaðnum og 5 þeirra á opinberum markaði. Samtals hafa 19 af þessum fyrirtækjum skráð verðbréf á verðbréfamarkaði (Nasdaq verðbréfamiðstöð, e.d.; Keldan, e.d.), en ríkari skyldur gilda um upplýsingagjöf þeirra fyrirtækja. Fyrirtækin starfa í 12 atvinnugreinum, flest á smásölumarkaði, almennum iðnaði og fiskvinnslu, þannig að dreifing þeirra út frá sviðum atvinnulífsins er góð (Trausti Hafliðason, 2021).

Flest fyrirtækin tengja samfélagskýrslur sínar við UFS leiðbeiningar Nasdaq eða GRI staðla en 3 fyrirtæki tilgreindu engin viðmið sem þau væru að nýta sér. Eðlilegt er að fyrirtæki nýti sér skilgreind grunnviðmið í samfélagskýrslum sínum og því kom það á óvart að þrjú fyrirtæki hafi engin viðmið. Þá er algengt að fyrirtæki tengi markmið sín við heimsmarkmið SP og leggja áherslu á efnahagslega, umhverfislega og samfélagslega þætti sjálfbærrar þróunar (United Nations, 2015; Stjórnarráð Íslands, 2017). Alls tengdu 29 fyrirtæki markmið sín við eitt eða fleiri heimsmarkmið SP en 4 fyrirtæki tengdu ekki við neitt markmið. Algengast er að fyrirtækin tengi við heimsmarkmið SP #5 jafnrétti kynjanna, #12 ábyrga neyslu og framleiðslu og #13 aðgerðir í loftslagsmálum. Tengingar fyrirtækja við þá 30 þætti sem koma fram í UFS leiðbeiningum Nasdaq (Nasdaq, 2020) voru skoðaðar auk þess sem metin var staða, þróun og árangur í samfélagskýrslum og var rannsókn Arvidsson og Dumay (2021) höfð til hliðsjónar við það mat.

4.1 Umhverfisþættir

Umhverfisþættir í UFS leiðbeiningum Nasdaq eru alls 10 eins og sjá má í töflu 1. Almennt eru fyrirtækin að greina frá magntölum sem tengjast umhverfisþáttum en þess má geta að mörg þeirra eru að nýta sér umhverfisstjórnunarkerfi Klappa til að halda utan um þau gögn. Oftast eru um 80-97% fyrirtækja að greina frá upplýsingum sem snúa að losun gróðurhúsalofttegunda, orku- og vatnsnotkun og samsetningu orku, og hafa þau flest formlega umhverfisstefnu

svo og stefnu varðandi úrgang og endurvinnslu. Hins vegar eru aðeins 20-40% fyrirtækja sem hafa formlegt loftslagseftirlit eða viðurkennt orkustjórnunarkerfi.

Fyrirtækin notast ekki við samræmdar reglur um hvað fellur undir hvern mælikvarða. Dæmi um þetta er umfang 3 í losun gróðurhúsalofttegunda, þannig voru oftast veittar upplýsingar um losun í virðisbættu fyrirtækja og flugferðum starfsmanna en sjaldnar um losun sem tengjast flutningum aðfanga erlendis frá að starfstöð á Íslandi. Því getur verið erfitt að bera saman heildarlosun fyrirtækja þegar ekki er staðlað hvað er tekið með í þann útreikning. Einnig er misjafnt hvaða umhverfisþættir eru tilgreindir, en oftast var minnst á losun gróðurhúsategunda, úrgangsstjórnun og orkunotkun.

Staða fyrirtækjanna í umhverfisþáttum var metin út frá hversu margir umhverfisþættir voru annars vegar skilgreindir og hins vegar útskýrðir í samfélagsskýrslum fyrirtækja og ein-kunn reiknuð út frá því hlutfalli eins og kemur fram í töflu 2. Að meðaltali voru fyrirtækin að skilgreina 3,6 þætti en útskýra aðeins 2,7 þætti þannig að munur er á milli þess fjölda sem er settur fram og útskýrður. Þróun umhverfisþátta yfir tíma var skoðuð til að átta sig á því hvort fyrirtækin væru að setja fram upplýsingar um hvernig þættirnir væru að þróast. Þetta var gert með þrennum hætti, í fyrsta lagi var skoðað hvort fyrirtækin útskýrðu hvernig mælingar væru framkvæmdar og markmiðin með þeim, í öðru lagi var skoðað hvort fyrirtækin settu fram yfirlit um þróun umhverfisþáttarins yfir tíma og var miðað við þrjú ár að lágmarki, og í þriðja lagi var skoðað hvort fyrirtækin útskýrðu breytingar sem ættu sér stað í þróun umhverfisþátta. Í töflu 2 kemur fram að fyrirtækin voru að meðaltali að setja fram markmið fyrir 2,6 umhverfisþætti en aðeins að útskýra breytingar fyrir 2,2 umhverfisþætti. Algengast var að þróun yfir tímabil væri 3 ár og spurning er hvort fyrirtækin eigi ekki gögn yfir lengra tímabil þar sem þau eru nýlega byrjuð að safna gögnum eða hvort þau telji ekki ástæðu til að setja fram upplýsingar um lengra tímabil.

Tafla 1

Umhverfisþættir í samfélagsskýrslum

	Umhverfisþættir	Fjöldi	Hlutfall
E1.	Losun gróðurhúsalofttegunda		
E1.-1	Umfang 1	32	97%
E1.-2	Umfang 2	30	91%
E1.-3	Umfang 3	31	94%
E2.	Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	31	94%
E3.	Orkunotkun	32	97%
E4.	Orkukræfni	29	88%
E5.	Samsetning orku	26	79%
E6.	Vatnsnotkun	28	85%
E7.	Umhverfisstarfsemi		
E7.-1	Formleg umhverfisstefna	29	88%
E7.-2	Sérstakar umhverfisstefnur	23	70%
E7-3	Viðurkennt orkustjórnunarkerfi	7	21%
E8.	Loftslagseftirlit / stjórn	11	33%
E9.	Loftslagseftirlit / stjórnendur	13	39%
E10.	Mildun loftslagsáhættu	9	27%

Taflan sýnir hversu mörg fyrirtæki fjölluðu um viðkomandi umhverfisþátt og hversu hátt hlutfall af þeim 33 fyrirtækjum sem voru til skoðunar fjölluðu um þáttinn (Bragi Rúnar Jónsson, 2022)

Tafla 2*Staða og þróun umhverfisþátta í samfélagsskýrslum*

	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Miðgildi
Staða:				
Fjöldi þátta í skýrslu	2	7	3,6	4
Fjöldi þátta útskýrðir	0	6	2,7	3
Einkunn	0%	100%	76%	100%
Þróun:				
Markmið sett fram	0	6	2,6	3
Fjöldi ára í samanburði	0	5	3,1	3
Breyting útskýrð	0	6	2,2	3

Heimild: Bragi Rúnar Jónsson, 2022.

Árangur í umhverfisþáttum var metinn út frá því hvort fyrirtæki hafi sett sér markmið um hvert það stefnir í umhverfisþættinum, hvort tímarammi hafi verið settur um hvenær eigi að ná markmiðinu og að lokum hvort sett væri fram staða eða mæling fyrir umhverfisþáttinn, sjá töflu 3. Tæplega helmingur fyrirtækja eða 16 samtals settu fram markmið um hvert fyrirtækið stefnir fyrir alla vega einn umhverfisþátt, 12 fyrirtæki settu fram tímaramma fyrir markmiðið og 5 fyrirtæki sýndu hver staðan væri. Almennt eru stærri fyrirtæki að setja sér markmið og fylgjast með hvernig gangi að ná þeim, hins vegar eru þau ekki að upplýsa í samfélagsskýrslum um hver staða þeirra í markmiðum í umhverfisþáttum er. Þannig eru aðeins 15% fyrirtækja sem setja fram hvar markmiðið er statt sem þýðir að 85% þeirra fyrirtækja sem voru skoðuð eru ekki að upplýsa um stöðuna.

Tafla 3*Fjöldi fyrirtækja sem setja fram upplýsingar um árangur í umhverfisþáttum í samfélagsskýrslum*

	Alla vega eitt	Hlutfall	Ekkert gildi	Hlutfall
Markmið sett fram	16	48%	17	52%
Tímarammi markmiðs	12	36%	21	64%
Niðurstaða sett fram	5	15%	28	85%

Heimild: Bragi Rúnar Jónsson, 2022.

4.2 Samfélagslegir þættir

Samfélagslegir þættir koma mikið inn á starfsmannatengda þætti og eru fyrirtæki almennt að gera grein fyrir þessum þáttum í samfélagsskýrslum sínum, sjá töflu 4. Um 80%-97% fyrirtækja fjalla um launamun kynjanna, starfsmannaveltu, vinnuslysatiðni og aðgerðir gegn mismunun. Eins og áður þá vantar meira samræmi á milli fyrirtækja um hvernig upplýsingar eru settar fram, þannig er launamunur kynjanna settur fram á tvo vegu, annars vegar hvert miðgildi launa er milli kynja og hins vegar hver niðurstaða jafnlaunavottunar er. Þrátt fyrir að gott sé að upplýsa um þennan launamun þá eru þessar tvær aðferðir ólíkar og eru að mæla ólíka þætti og því ekki samanburðarhæfar. Jafnlaunavottun sýnir almennt minna en 3% launamun milli kynjanna hjá fyrirtækjunum og hjá þremur þeirra var enginn mismunun til staðar.

Tafla 4
Samfélagslegir þættir í samfélagsskýrslum

	Samfélagslegir þættir	Fjöldi	Hlutfall
S1.	Launahlutfall forstjóra	18	55%
S2.	Launamunur kynja	29	88%
S3.	Starfsmannavelta	26	79%
S4.	Kynjafjölbreytni	32	97%
S5.	Hlutfall tímabundinna starfskrafta	22	67%
S6.	Aðgerðir gegn mismunun	32	97%
S7.	Vinnuslysatiðni	26	79%
S8.	Hnattræn heilsa og öryggi	32	97%
S9.-1	Barna- og nauðungarvinna	24	73%
S9.-2	Barna- og n.vinna: Nær stefnan til birgja	17	52%
S10.-1	Mannréttindi	25	76%
S10.-2	Mannréttindi: Nær stefnan til birgja	15	46%

Taflan sýnir hversu mörg fyrirtæki fjölluðu um viðkomandi samfélagsþátt og hversu hátt hlutfall af þeim 33 fyrirtækjum sem voru til skoðunar fjölluðu um þáttinn (Bragi Rúnar Jónsson, 2022)

Einungis 18 fyrirtæki eða um 55% upplýsa um launahlutfall forstjóra þess samanborið við miðgildi heildarlauna starfsmanna í fullu starfi. Hlutfallið var að meðaltali 7,1 hjá þeim fyrirtækjum sem gáfu upp hlutfallið og hjá 11 fyrirtækjum var hlutfallið 6 eða lægra. Starfsmannavelta kom fram hjá 26 fyrirtækjum og var hún á bilinu 3% til 69% á árinu 2020. Þetta hlutfall sýnir vel hversu erfitt er að bera saman mælikvarða milli fyrirtækja í ólíkum atvinnugreinum auk þess sem árið 2020 var fyrsta árið sem COVID-19 barst til landsins sem hafði mismunandi áhrif á starfsmannaveltu milli atvinnugreina. Almennt eru fyrirtæki að halda vel utan um upplýsingar sem snúa að heilsu og öryggi starfsmanna þeirra, en 97% fyrirtækja hafa starfstengda heilsustefnu og 79% fyrirtækja upplýsa um vinnuslysatiðni starfsmanna. Ekki var skoðað hvort mismunur í þessum þáttum stafaði af því hvort fyrirtæki haldi ekki utan um vinnuslysatiðni starfsmanna eða hvort þau séu ekki að upplýsa um hana. Þetta er dæmi um ósamræmi í upplýsingagjöf milli fyrirtækja í samfélagsskýrslum.

Samtals eru tilgreindir um 30 mismunandi hagsmunaaðilar í samfélagsskýrslum fyrirtækjanna en eftir að sambærilegir aðilar höfðu verið sameinaðir þá voru átta hópar hagsmunaaðila nefndir. Oftast voru fyrirtækin að fjalla um mannauð, viðskiptavini, birgja og samfélög í samfélagsskýrslum en einnig voru fjárfestar, hagsmunasamtök, fjölmiðlar og fjármögnunaraðilar tilgreindir. Staða fyrirtækja í samfélagslegum þáttum var metin út frá fjölda hagsmunaaðila sem voru tilgreindir í samfélagsskýrslum, hvort þeir voru skilgreindir og skýrt út af hverju þeir væru valdir eins og kemur fram í töflu 5. Eins og átti sér stað í umhverfispáttum þá var í einhverjum tilvikum fjallað um hagsmunaaðila í samfélagsskýrslum án þess að gerð væri grein fyrir þeim eða útskýrt af hverju fyrirtækið hefði valið að fjalla um þá. Fyrirtækin nefndu frá einum og upp í níu hagsmunaaðila en að meðaltali voru nefndir 3,3 hagsmunaaðilar í samfélagsskýrslum. Fyrirtækin fjölluðu um og útskýrðu að meðaltali 2,0 hagsmunaaðila, þannig að ekki var verið að fjalla um alla hagsmunaaðila í skýrslunum. Það voru 30 fyrirtæki sem fjölluðu um að minnsta kosti einn hagsmunaaðila.

Tafla 5*Upplýsingar um fjölda hagsmunaaðila sem koma fram í samfélagsskýrslum*

	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Miðgildi
Fjöldi hagsmunaaðila í skýrslu	1	9	3,3	3
Fjöldi hagsmunaaðila útskýrðir	0	5	2,0	1
Val hagsmunaaðila útskýrt	0	5	1,9	1

Heimild: Bragi Rúnar Jónsson, 2022.

Próun í samfélagslegum þáttum var metin með því að skoða hvort fyrirtæki lýsi samskiptum og tengslum við hagsmunaaðila út frá tveimur þáttum, annars vegar hvort markmið með samskiptum væru útskýrð og hins vegar hvort útskýrt væri hvernig framkvæmd á samskiptum ætti sér stað, sjá nánar töflu 6. Almennt var þetta í góðum málum en 28 fyrirtæki eða 85% útskýrðu þessa tvo þætti í samfélagsskýrslum. Árangur í samfélagslegum þáttum var metinn út frá því hvort fyrirtæki framkvæmi greiningu til að skilgreina mikilvægustu innri og ytri hagsmunaaðila þeirra eins og kemur fram í töflu 6. Annars vegar var skoðað hvort fyrirtækin útskýrðu ferlið og hins vegar hverjar niðurstöðurnar væru. Þá var einnig skoðað hvort settar væru fram niðurstöður um markmið með samskiptum og tengslum við hagsmunaaðila. Einnig var skoðað hvort fyrirtæki framkvæmdu greiningu á mikilvægi hagsmunaaðila sinna og af þeim settu 5 fyrirtæki fram niðurstöður um markmið. Þetta er frekar slök niðurstaða því ætlast má til að fyrirtæki útskýri hverjir eru helstu hagsmunaaðilar og af hverju svo sé.

Tafla 6*Upplýsingar um hagsmunaaðila sem koma fram í samfélagsskýrslum*

	Já	Hlutfall	Nei	Hlutfall
Próun				
Markmið sett fram	28	85%	5	15%
Framkvæmd útskýrð	28	85%	5	15%
Árangur				
Greining á mikilvægi gerð	7	21%	26	79%
Lýsing á ferli og niðurstöðu	7	21%	26	79%
Niðurstaða markmiðs	5	15%	28	85%

Heimild: Bragi Rúnar Jónsson, 2022.

4.3 Stjórnarhættir

Greint var hvernig fyrirtæki fjalla um stjórnarhætti í samfélagsskýrslum og hvort þau nýti til þess UFS leiðbeiningar Nasdaq. Almennt eru fyrirtæki að gera stjórnarháttum góð skil og eru meðvituð um mikilvægi þeirra eins og kemur fram í töflu 7. Það voru 28 fyrirtæki eða 85% af þeim fyrirtækjum sem skoðuð voru sem upplýstu um kynjahlutföll í stjórnnum sínum og uppfylltu þau öll lög um kynjahlutfall í stjórnnum fyrirtækja. Það að stjórn fyrirtækis sé að hluta til skipuð óháðum stjórnarmönnum er talin góð vísbending um góða stjórnarhætti (Nasdaq, 2020) og komu upplýsingar um óháði stjórnarmanna fram hjá 25 fyrirtækjum eða 76%. Bil óháðra stjórnarmanna spannaði allan geirann eða frá 0% (enginn óháður stjórnarmaður – 3 fyrirtæki) upp í 100% (allir stjórnarmenn óháðir – 11 fyrirtæki) en að meðaltali var hlutfallið 67%.

UFS leiðbeiningar Nasdaq kveða á um að upplýsa eigi um hvort fyrirtæki hafi tengt launakjör framkvæmdastjóra við sjálfbærni en athygli vekur að ekkert fyrirtæki upplýsti um að svo væri. Því er ekki að sjá að þetta atriði í UFS leiðbeiningum Nasdaq hafi skilað sér í launakjörum

æðstu stjórnanda. Útgáfa sjálfbærniskýrslna er eitt atriðið sem var til skoðunar og staðfestu 29 fyrirtæki eða 88% að svo væri. Af þeim eru 22 fyrirtæki sem staðfesta að þau upplýsa um stöðu sjálfbærni til viðurkenndra aðila og að lögð sé áhersla á tiltekin heimsmarkmið SP. Einnig ber fyrirtækjum að upplýsa um hvort gögn um sjálfbærni séu staðfest af óháðum aðila og voru 7 fyrirtæki sem fá staðfestingu á öllum UFS þáttunum, 14 fyrirtæki fá staðfestingu á hluta af gögnunum og 12 fyrirtæki eru ekki að fá staðfestingu óháðs aðila. Algengast er að Klappir séu að staðfesta gögn um sjálfbærni fyrir fyrirtækin sem óháður aðili.

Staða fyrirtækja í stjórnarháttum var metin út frá því hvort þau útskýri stjórnarhætti í samfélagsskýrslu og skýri frá því hver staða þeirra sé, sjá töflu 8. Það voru 21 fyrirtæki eða 64% sem útskýra stjórnarhætti og upplýsa um núverandi stöðu, en 36% gera það ekki. Þróun stjórnarháttanna var metin út frá því hvort staðlar, rammur eða leiðbeiningar væru nýttir við gerð samfélagsskýrslna, hvort fyrirtækin væru meðlimir í þeim samtökum sem gefa út viðkomandi leiðbeiningar og hvort samtökin væru útskýrð, sjá töflu 8. Fyrirtækin voru flest að notast við staðlaðar leiðbeiningar eða 91% og eru 73% fyrirtækjanna meðlimir í viðkomandi samtökum sem gefa út leiðbeiningarnar. Hins vegar voru aðeins 39% fyrirtækja sem útskýrðu hvað samtökin eða viðmiðin stæðu fyrir sem verður að teljast lágt hlutfall, ekki síst í ljósi þess að samfélagsskýrslur eru oft mjög ítarlegar og greinargóðar skýrslur.

Tafla 7
Stjórnarhættir í samfélagsskýrslum

	<i>Stjórnarhættir</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
G1.	Kynjahlutfall í stjórn	28	85%
G2.	Óhæði stjórnar	25	76%
G3.	Kaupaukar (til að framfylgja sjálfbærni)	0	0%
G4.	Kjarasamningar	29	88%
G5.	Siðareglur birgja	16	49%
G6.	Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	29	88%
G7.	Persónuvernd	32	97%
G8.	Sjálfbærniskýrsla	29	88%
G9.	Starfsvenjur við upplýsingagjöf	22	67%
G10.	Gögn staðfest af ytri aðila	21	64%

Taflan sýnir hversu mörg fyrirtæki fjölluðu um viðkomandi stjórnarhátt og hversu hátt hlutfall af þeim 33 fyrirtækjum sem voru til skoðunar fjölluðu um þáttinn (Bragi Rúnar Jónsson, 2022)

Tafla 8
Staða og þróun stjórnarháttanna í samfélagsskýrslum

	<i>Já</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Nei</i>	<i>Hlutfall</i>
Staða				
Kerfi útskýrt og núverandi staða sett fram	21	64%	12	36%
Þróun				
Notast við leiðbeiningar (Nasdaq / GRI / UNGC) sem viðmið	30	91%	3	9%
Er fyrirtækið meðlimur í Nasdaq / GRI / UNGC	24	73%	9	27%
Útskýrt hvað Nasdaq / GRI / UNGC er	13	39%	20	61%

Heimild: Bragi Rúnar Jónsson, 2022.

Tafla 9

Mat á árangri tengdum stjórnarháttum í samfélagsskýrslum

	Já	Hlutfall	Nei	Hlutfall
Árangur				
Er settur fram Nasdaq / GRI rammi með tilvísunum	28	85%	5	15%
Hefur Nasdaq / GRI rammi upplýsingar um markmið, tímabil og niðurstöðu	0	0%	33	100%

Heimild: Bragi Rúnar Jónsson, 2022.

Árangur í stjórnarháttum var metinn út frá því hvort niðurstöður UFS þátta kæmi fram í samfélagsskýrslum, hvort sem það var tafla með niðurstöðum eða tilvísanatafla. Einnig var skoðað hvort gögn um markmið, tímabil og niðurstöður kæmu fram í þeim. Samtals voru 28 fyrirtæki sem settu fram niðurstöður UFS þátta í samfélagsskýrslu, oft með sjálfbærnisráðgjöf, sjá töflu 9. Ekkert fyrirtæki setti fram heildstætt yfirlit þar sem fram kemur núverandi staða og hvert þau stefndu á komandi árum í málaflokknum.

5 Umræður og lokaorð

Upplýsingagjöf fyrirtækja um sjálfbærnimál og samfélagslega ábyrgð er orðin algeng en fram kom í niðurstöðum könnunar sem KPMG gerði árið 2022 að 79% 100 stærstu fyrirtækja í 58 löndum gefa út samfélagsskýrslur (samtals 5.800 fyrirtæki) og er hlutfallið 96% þegar 250 stærstu fyrirtæki í heimi eru skoðuð. Í könnun KPMG (2022) kom fram að hlutfallið væri orðið 91% fyrir 100 stærstu fyrirtæki á Íslandi. Þetta er mikil hækkun frá árinu 2020 þegar hlutfallið var 52% fyrir 100 stærstu fyrirtækin hér á landi (KPMG, 2022), sem er sambærilegt hlutfall og kom fram í þessari rannsókn. Þessi aukning í útgáfu samfélagsskýrslna hjá stórum fyrirtækjum á Íslandi er tilkomin vegna breytinga á ársreikningslögum árið 2020 (KPMG, 2022).

Í ljósi þess að Evrópusambandið hefur samþykkt CSRD tilskipun um sjálfbærnireikningskil sem tók gildi í janúar 2023 (European Commission, e.d.) og áætlað er að verði innleitt á Íslandi á næstu misserum (Menningar- og viðskiptaráðuneyti, 2024) má fastlega búast við að þetta hlutfall muni haldast hátt og jafnvel hækka lítillega á Íslandi á komandi árum. Samfélagsskýrslur eiga meðal annars að innihalda upplýsingar sem nýtast fjárfestum til að meta grænar fjárfestingar (European Commission, 2021). CSRD tilskipunin mun fjölga verulega fyrirtækjum sem eiga að útbúa samfélagsskýrslur, en undir gildissvið tilskipunarinnar falla meðal annarra fyrirtæki sem hafa skráð verðbréf á markaði og óskráð stór fyrirtæki (Hobbs og Wollmert, 2021).

Rannsóknin sem hér hefur verið greint frá leitaði svara við tveimur rannsóknarspurningum. Sú fyrri snerist um hvort samfélagsskýrslur væru samanburðarhæfar, staðlaðar og staðfestar af utanaðkomandi aðilum. Fyrirtækjum ber að veita áreiðanlegar og samanburðarhæfar upplýsingar sem nýtast fjárfestum (Arvidsson og Dumay, 2021) og eru réttar og sannar (Maniora, 2015). Almennu eru fjárfestar ekki sáttir við gæði upplýsinga í samfélagsskýrslum (PWC, 2021) og vilja fá upplýsingar um bæði jákvæða og neikvæða þætti sem eru í rekstri fyrirtækja (KPMG, 2022; KPMG, 2020). Fjárfestar vilja fá staðlaðar og samræmdar upplýsingar sem auðveldar samanburð á tölum milli fyrirtækja og tímabila (Lokawaduge og Heenetigala, 2016).

Þessi rannsókn, sem nær til 33 íslenskra fyrirtækja, sýnir að fyrirtækin geta bæði bætt og samræmt betur upplýsingagjöf sína í þessum málaflokki. Sum fyrirtæki upplýsa ekki um alla þætti í UFS leiðbeiningum Nasdaq né tilgreina ástæður af hverju það er ekki gert. Þannig geta fyrirtæki valið hvaða þætti er upplýst um sem dregur úr gæðum samfélagsskýrslna og torveldar samanburð á milli fyrirtækja. Þetta er í samræmi við kannanir KPMG (2022; 2020) þar sem fram kemur að fyrirtæki leggi meiri áherslu á jákvæða þætti í skýrslugjöf sinni. Stór íslensk fyrirtæki munu þurfa að bæta upplýsingagjöf í ljósi meiri krafna sem fylgja CSRD tilskipun Evrópusambandsins (European Commission, e.d.). Flest fyrirtækin í þessari rannsókn eru að notast við staðla við upplýsingagjöf sína í sjálfbærnimálum sem eykur samanburðarhæfni á

samfélagskýrslum, auk þess sem CSRD tilskipunin (European Commission, e.d.) mun stuðla að meiri stöðlun í upplýsingagjöf um sjálfbærni.

Þessi rannsókn gefur vísbendingu um að íslensk fyrirtæki geti gert betur í staðfestingu gagna og upplýsinga í samfélagskýrslum en mikilvægt er að óháður ytri aðili staðfesti að þær séu réttar og áreiðanlegar (Burke og Clark, 2016; PWC, 2021). Þá mun CSRD tilskipun Evrópusambandsins skylda fyrirtæki til að fá staðfestingu frá ytri aðila á gögnum í samfélagskýrslum (European Commission, e.d.). Staðfesting samfélagskýrslna er orðin almennari eins og kom fram í könnun KPMG (2022) þar sem 47% 100 stærstu fyrirtækja í 58 löndum létu utan- aðkomandi aðila staðfesta skýrslurnar árið 2022. Staðfesting samfélagskýrslna að hluta eða í heild í þessari rannsókn var 64% á árinu 2020, en aðeins 21% skýrslnanna voru staðfestar að fullu. Niðurstöður gefa vísbendingu um að auka megi samræmi á því sem verið er að staðfesta í samfélagskýrslum fyrirtækja á Íslandi auk þess sem staðfesta þarf skýrslurnar í heild sinni. CSRD tilskipunin mun styðja við samræmingu á því hvað það er sem óháðir ytri aðilar eru að staðfesta auk þess sem fjárfestar og aðrir notendur samfélagskýrslna vilja geta treyst því að gögn séu áreiðanleg og trúverðug.

Seinni rannsóknarspurningin beindist að því að kanna hvort nægilegar upplýsingar væru í samfélagskýrslum til að upplýsa fjárfesta og aðra notendur um stöðu UFS þátta, þróun þeirra, hver árangur fyrirtækja hefur verið og hvert þau stefna í málaflokknum og var rannsókn Arvidsson og Dumay (2021) höfð til hliðsjónar við það mat. Almenn er staða og þróun UFS þátta að koma vel út þegar samfélagskýrslurnar voru skoðaðar en hins vegar vantar talsvert upp á að fyrirtæki skýri nægilega vel frá árangri í UFS þáttum. Fyrirtækin sem skoðuð voru þurfa að leggja meiri áherslu á upplýsingagjöf til notenda um markmið þeirra í UFS þáttum og hvernig gangi að ná þeim markmiðum. Almenn er stór fyrirtæki að setja sér markmið í rekstrinum og fylgjast vel með framvindu og stöðu þeirra og þau ættu að geta heimfært þá nálgun upp á markmiðasetningu í samfélagskýrslum. Þessar niðurstöður eru sambærilegar niðurstöðum sem Arvidsson og Dumay (2021) komust að í sinni rannsókn sem sneri að stórum fyrirtækjum í Svíþjóð.

Rannsóknin sem hér er greint frá einblíndi á innihaldið í samfélagskýrslum fyrirtækja en ekki var skoðað hvort skýrslurnar væru mismunandi eftir ólíkum flokkum fyrirtækja. Þær samfélagskýrslur sem voru rýndar í rannsókninni eru útgefnar skýrslur hjá fyrirtækjum í hópi stærstu fyrirtækja á Íslandi. Ríki og sveitarfélög hafa takmarkað verið að upplýsa um sjálfbærni og samfélagsleg áhrif þrátt fyrir að hafa mikil umsvif á Íslandi. Sé horft til fræðanna sem vísað er til í þessari grein má segja að ýtt sé undir að allar skipulagsheildir veiti upplýsingar um UFS þætti hvort sem þær eru fyrirtæki eða stofnanir. Þannig mætti rannsaka og greina samfélagsleg áhrif stærri stofnana hins opinbera, svo sem menntastofnana, heilbrigðis- stofnana og sveitarfélaga. Margar opinberar stofnanir á Íslandi eru samanburðarhæfar og væri fróðlegt að skoða hver samfélagsleg áhrif þeirra eru, bæði einar og sér og eins í samanburði við aðrar stofnanir.

Sú rannsókn og greining sem hér er fjallað um byggir á eigindlegri rannsókn. Rannsóknin gefur vísbendingar um stöðuna á upplýsingagjöf stærri fyrirtækja um UFS þætti, en ekki er um tölfræðilega marktækar niðurstöður að ræða. Betra mat á skýrslunum gæti fengist ef fleiri aðilar kæmu að greiningu þeirra sem mundi tryggja betur réttmæti rannsóknarinnar. Þá getur reynsla og bakgrunnur höfunda litað niðurstöður í rannsókninni, bæði á jákvæðan og neikvæðan máta. Þegar rannsóknin var gerð var ekki skylda fyrir stór fyrirtæki að útbúa samfélagskýrslur en það mun breytast þar sem CSRD tilskipun Evrópusambandsins um sjálfbærnireikningsskil hefur verið samþykkt (European Commission, e.d.) og innleiðing hennar er í vinnslu á Íslandi (Menningar- og viðskiptaráðuneyti, 2024). Hlutfall stórra fyrirtækja á Íslandi sem gáfu út samfélagskýrslur árið 2020 var rúmlega 50% sem takmarkar rannsóknina auk þess sem mörg fyrirtækjanna voru nýlega byrjuð að gefa út samfélagskýrslur á þeim tímamarki. Ekki var kannað hvort það væri munur á milli fyrirtækja sem gefa út samfélagskýrslur og þeirra sem gera það ekki.

Mikið hefur verið fjallað um samfélagsábyrgð fyrirtækja og sjálfbærni (Carroll, 2021; Aguinis og Glavas, 2012; Montiel, 2008; Giovannoni og Fabiotti, 2014) og eru samfélagskýrslur hentugar til þess að upplýsa fjárfesta og fleiri notendur um stöðu og markmið fyrirtækja í UFS þáttum (Burke og Clark, 2016; Maniora, 2015; Giovannoni og Fabiotti, 2014). Þróun samfélagskýrslna á næstu árum mun taka mið af nýjum lögum og reglum sem eru í farvatninu og kröfum hagsmunaaðila um upplýsingagjöf. Þörf er á áframhaldandi rannsóknum til að greina betur þessa þróun og hvaða áhrif hún hefur á útgáfu samfélagskýrslna. Líklegt má telja að fyrirtæki muni tvíanna betur saman sjálfbærni við stefnumótun sína og gera sjálfbærni að lykilbreytu í mótun heildarstefnu, en fá íslensk fyrirtæki eru komin á þann stað.

Þróun í framsetningu samfélagskýrslna hefur snúið að því hvernig þeim er komið á framfæri við notendur og tengist þróun og hagnýtingu tækni (Burke og Clark, 2016; Maniora, 2015). Þessi þróun getur hjálpað til að auka gagnsæi, bæta öryggi í gögnum og við birtingu þeirra. Hluti af vantrausti á upplýsingagjöf fyrirtækja í UFS málum snýr að uppruna og greiningu gagna sem koma fram í samfélagskýrslum (Uyar o.fl., 2020; Pei-Yi Yu o.fl., 2020). Tækniþróun getur stutt við lifandi framsetningu gagna sem getur auðveldað uppfærslu þeirra, stutt við stöðlun gagna og einfaldað staðfestingu á þeim. Lifandi framsetning samfélagskýrslna á heimasíðum fyrirtækja hefur tekið miklum framförum á undanförunum árum og minna er um að þær séu gefnar út sem skýrslur á ósveigjanlegu skráarformi, svo sem pdf skjali. Þetta hefur áhrif á upplifun notenda samfélagskýrslna og áhugavert gæti verið að skoða hvort ólík framsetning hafi áhrif á notagildi þeirra fyrir fjárfesta og aðra hagsmunaaðila.

Samþætting krafna og viðmiða í gerð samfélagskýrslna hefur verið þróunin undanfarið (European Commission, 2021; Lokuwaduge og Heenetigala, 2016; KPMG, 2022) og áhugavert væri að rannsaka með hvaða hætti það gerist og hvort sú þróun verði einsleit eða mismunandi eftir tegundum fyrirtækja eða atvinnugreinum. Líklegt er að fyrirtæki muni áfram leita leiða til að gera sitt framlag á sviði sjálfbærni ólíkt framlagi annarra fyrirtækja. Fyrirtæki hafa gjarnan nýtt sér samfélagskýrslur til að koma á framfæri tilteknum árangri sem þau hafa náð og geta kynnt til hagsmunaaðila. Samfélagskýrslur verða að öllum líkindum nýttar í öllum atvinnugreinum, löndum og samfélögum í framtíðinni sem býður upp á að gera samanburðarrannsóknir á milli landa um hvernig þær eru settar fram og hvernig hagnýtingu þeirra er háttað.

Heimildir

- Aguinis, H. og Glavas, A. (2012). What We Know and Don't Know About Corporate Social Responsibility: A Review and Research Agenda. *Journal of Management*, 38(4), 932-968. <https://doi.org/10.1177/0149206311436079>
- Al-Shaer, H., Albitar, K. og Hussainey, K. (2022). Creating sustainability reports that matter: an investigation of factors behind the narratives. *Journal of Applied Accounting Research*, 23(3), 738-763. <https://doi.org/10.1108/JAAR-05-2021-0136>
- Amel-Zadeh, A og Serafeim, G. (2018). Why and How Investors Use ESG Information: Evidence from a Global Survey. *Financial Analysts Journal*, 74(3), 87-103. <https://doi.org/10.2469/faj.v74.n3.2>
- Arvidsson, S. og Dumay, J. (2021). Corporate ESG reporting quantity, quality and performance: Where to now for environmental policy and practice? *Business Strategy and the Environment*. <https://doi.org/10.1002/bse.2937>
- Benameur, K. B., Mostafa, M. M., Hassanein, A., Shariff, M. Z. og Al-Shattarat, W. (2023). Sustainability reporting scholarly research: a bibliometric review and a future research agenda. *Management Review Quarterly*, 1-44. <https://doi.org/10.1007/s11301-023-00319-7>
- Bragi Rúnar Jónsson. (2022). *Samfélagsábyrgð fyrirtækja: Staða, þróun og árangur UFS þátta í samfélagskýrslum íslenskra fyrirtækja* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/42728>
- Burke, J. J. og Clark, C. E. (2016). The business case for integrated reporting: Insights from leading practitioners, regulators, and academics. *Business Horizons*, 59(3), 273-283. <https://doi.org/10.1016/j.bushor.2016.01.001>
- Carmo, C. og Miguéis, M. (2022). Voluntary Sustainability Disclosures in Non-Listed Companies: An Exploratory Study on Motives and Practices. *Sustainability*, 14(12), 7365. MDPI AG. <https://doi.org/10.3390/su14127365>
- Carroll, A. B. (1979). A Three-Dimensional Conceptual Model of Corporate Performance. *Academy of Management Review*, 4(4), 497-505. <https://doi.org/10.5465/amr.1979.4498296>

- Carroll, A. B. (2016). Carroll's pyramid of CSR: taking another look. *International Journal of Corporate Social Responsibility*, 1(1). <https://doi.org/10.1186/s40991-016-0004-6>
- Carroll, A. B. (2021). Corporate Social Responsibility: Perspectives on the CSR Construct's Development and Future. *Business & Society*, 60(6), 1258–1278. <https://doi.org/10.1177/00076503211001765>
- Carroll, A. B. og Shabana, K. M. (2010). The Business Case for Corporate Social Responsibility: A Review of Concepts, Research and Practice. *International Journal of Management Reviews*, 12(1), 85–105. <https://doi.org/10.1111/j.1468-2370.2009.00275.x>
- CDP, CDSB, GRI, IIRC og SASB. (2020, september). *Statement of Intent to Work Together Towards Comprehensive Corporate Reporting*. <https://29kjwb3armds2g3gi4lq2sx1-wpengine.netdna-ssl.com/wp-content/uploads/Statement-of-Intent-to-Work-Together-Towards-Comprehensive-Corporate-Reporting.pdf>
- Chalmers J., Cox E. og Picard N. (2021, 28. október). *The economic realities of ESG*. PWC. <https://www.pwc.com/gx/en/issues/reinventing-the-future/take-on-tomorrow/download/sbpwc-2021-10-28-Economic-realities-ESG.pdf>
- Clarkson, P., Li, Y., Richardson, G. og Tsang, A. (2019). Causes and consequences of voluntary assurance of CSR reports. *Accounting, Auditing & Accountability Journal*, 32(8), 2451–2474. <https://doi.org/10.1108/aaaj-03-2018-3424>
- Daelman, M. (e.d.). *Sustainability reporting enters a new era: Corporate Sustainability Reporting Directive*. PwC. <https://www.pwc.be/en/news-publications/2021/corporate-sustainability-reporting-directive.html>
- Directive 2014/95/EU of the European Parliament and of the Council of 22 October 2014 amending Directive 2013/34/EU as regards disclosure of non-financial and diversity information by certain large undertakings and groups. (2014). <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32014L0095>
- European Commission. (e.d.). *Corporate sustainability reporting*. https://finance.ec.europa.eu/capital-markets-union-and-financial-markets/company-reporting-and-auditing/company-reporting/corporate-sustainability-reporting_en
- European Commission. (2017, 26. júní). *Commission takes further steps to enhance business transparency on social and environmental matters*. https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/IP_17_1702
- European Commission. (2019a, 18. júní). *Frequently Asked Questions: guidelines on reporting climate-related information*. https://ec.europa.eu/info/sites/default/files/business_economy_euro/company_reporting_and_auditing/documents/190618-climate-related-information-reporting-guidelines-faq_en.pdf
- European Commission. (2019b, 18. júní). *Sustainable finance: Commission publishes guidelines to improve how firms report climate-related information and welcomes three new important reports on climate finance by leading experts*. https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/IP_19_3034
- European Commission. (2021, 21. apríl). *Questions and Answers: Corporate Sustainability Reporting Directive proposal*. https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/qanda_21_1806
- Eva Margrét Ævarsdóttir. (2022, 13. febrúar). Breytingar á lögum og upplýsingagjöf um rekstur fyrirtækja. *Vidskipta-blaðið*. <https://www.vb.is/skodun/breytingar-logum-og-upplysingagjof-um-rekstur-fyrirtaekja/172861/>
- Giovanoni, E. og Fabietti, G. (2014). What Is Sustainability? A Review of the Concept and Its Applications. Í Busco, C., Frigo, M., Riccaboni, A. og Quattrone, P. (ritstj.), *Integrated Reporting*. Springer, Cham. https://doi.org/10.1007/978-3-319-02168-3_2
- Hobbs, A. og Wollmert, P. (2021, 28. júlí). *How the EU's new sustainability directive will be a game changer*. EY. https://www.ey.com/en_no/assurance/how-the-eu-s-new-sustainability-directive-will-be-a-game-changer
- Keldan. (e.d.). *Hlutabréf*. <https://leit.keldan.is/Market/Shares>
- Ketill Berg Magnússon. (2017, 26. janúar). Skylda fyrirtækja að sýna samfélagsábyrgð. *mbl.is*. <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1626844/>
- KPMG. (2020). *The time has come. The KPMG Survey of Sustainability Reporting 2020*. KPMG International. <https://assets.kpmg/content/dam/kpmg/xx/pdf/2020/11/the-time-has-come.pdf>
- KPMG. (2022). *Big shifts, small steps. The KPMG Survey of Sustainability Reporting 2022*. KPMG International. <https://assets.kpmg.com/content/dam/kpmg/se/pdf/komm/2022/Global-Survey-of-Sustainability-Reporting-2022.pdf>
- Kurucz, E., Colbert, B. og Wheeler, D. (2008). The business case for corporate social responsibility. Í Crane, A., McWilliams, A., Matten, D., Moon, J. og Siegel, D. (ritstj.), *The Oxford Handbook of Corporate Social Responsibility* (bls. 83–112). Oxford: Oxford University Press
- Li, Y., Gong, M., Zhang, X.-Y. og Koh, L. (2018). The impact of environmental, social, and governance disclosure on firm value: The role of CEO power. *The British Accounting Review*, 50(1), 60–75. <https://doi.org/10.1016/j.bar.2017.09.007>
- Lokuwaduge, C. S. D. S. og Heenetigala, K. (2016). Integrating Environmental, Social and Governance (ESG) Disclosure for a Sustainable Development: An Australian Study. *Business Strategy and the Environment*, 26(4), 438–450. <https://doi.org/10.1002/bse.1927>
- Lög um ársreikninga nr. 3/2006. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html>
- Lög um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum (einföldun og innleiðing ársreikningatilskipunar 2013/34/ESB) nr. 73. (2016). <https://www.althingi.is/altext/stjt/2016.073.html>

- Maniora, J. (2015). Is Integrated Reporting Really the Superior Mechanism for the Integration of Ethics into the Core Business Model? An Empirical Analysis. *Journal of Business Ethics*, 140(4), 755–786. <https://doi.org/10.1007/s10551-015-2874-z>
- Matten, D. og Moon, J. (2020). Reflections on the 2018 Decade Award: The Meaning and Dynamics of Corporate Social Responsibility. *Academy of Management Review*, 45(1), 7–28. <https://doi.org/10.5465/amr.2019.0348>
- Menningar- og viðskiptaráðuneyti. (2024). *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu (innleiðing á sjálfbærni reikningsskilatilskipun ESB (CSR)) MVF24060005*. <https://samradapi.island.is/api/Documents/fce9874c-365e-ef11-9bc5-005056bcce7e>
- Merriam, S.B. og Tisdell, E.J. (2016). *Qualitative Research: A Guide to Design and Implementation* (4. útg.). San Francisco: Jossey-Bass.
- Meseguer-Sánchez, V., Gálvez-Sánchez, F.J., López-Martínez, G. og Molina-Moreno, V. (2021). Corporate Social Responsibility and Sustainability. A Bibliometric Analysis of Their Interrelations. *Sustainability*, 13, 1636. <https://doi.org/10.3390/su13041636>
- Montiel, I. (2008). Corporate Social Responsibility and Corporate Sustainability: Separate Pasts, Common Future. *Organization & Environment*, 21(3), 2245–269. <https://doi.org/10.1177/1086026608321329>
- Mousa, R. og Ozili, P. K. (2022). A Futuristic View of Using XBRL Technology in Non-Financial Sustainability Reporting: The Case of the FDIC. *Journal of Risk and Financial Management*, 16(1), 1. <https://doi.org/10.3390/jrfm16010001>
- Nasdaq. (2020). *UFS leiðbeiningar. ESG Reporting Guide 2.0*. https://www.nasdaq.com/docs/2021/02/17/ESG_Guide_Icelandic_translation.pdf
- Nasdaq verðbréfamiðstöð. (e.d.). *Verðbréf*. <https://www.nasdaqcsd.com/statistics/is/securities>
- Nielsen, C. (2023). ESG Reporting and Metrics: From Double Materiality to Key Performance Indicators. *Sustainability*, 15(24), 16844. <https://doi.org/10.3390/su152416844>
- Ottenstein, P., Erben, S., Jost, S., Weuster, C.W. og Zülch, H. (2022). From voluntarism to regulation: effects of Directive 2014/95/EU on sustainability reporting in the EU. *Journal of Applied Accounting Research*, 23(1), 55–98. <https://doi.org/10.1108/JAAR-03-2021-0075>
- Pei-yi Yu, E., Van Luu, B. og Chen, C. H. (2020). Greenwashing in environmental, social and governance disclosures. *Research in International Business and Finance*, 52, 101192. <https://doi.org/10.1016/j.ribaf.2020.101192>
- Persson, L., Almroth, B.M.C., Collins, C.D., Cornell, S., de Wit, C.A., Diamond, M.L., Fantke, P., Hassellöv, M., MacLeod, M., Ryberg, M.W., Jørgensen, P.S., Villarrubia-Gómez, P., Wang, Z. og Hauschild, M.Z. (2022). Outside the Safe Operating Space of the Planetary Boundary for Novel Entities. *Environmental Science and Technology*, 56, 1510–1521. <https://doi.org/10.1021/acs.est.1c04158>
- Pizzi, S., Del Baldo, M., Caputo, F. og Venturelli, A. (2022). Voluntary disclosure of Sustainable Development Goals in mandatory non-financial reports: The moderating role of cultural dimension. *Journal of International Financial Management & Accounting*, 33(1), 83–106. <https://doi.org/10.1111/jifm.12139>
- Porter, Michael E. og Mark R. Kramer. (2006). Strategy and Society: The Link between Competitive Advantage and Corporate Social Responsibility. *Harvard Business Review* 84(12), 78–92. <https://hbr.org/2006/12/strategy-and-society-the-link-between-competitive-advantage-and-corporate-social-responsibility>
- Porter, Michael E. og Mark R. Kramer. (2011). Creating Shared Value. *Harvard Business Review* 89(1-2), 62–77. <https://hbr.org/2011/01/the-big-idea-creating-shared-value>
- PWC. (2021). *PwC's Global investor survey: The economic realities of ESG*. PricewaterhouseCoopers LLP. <https://www.pwc.com/gx/en/corporate-reporting/assets/pwc-global-investor-survey-2021.pdf>
- Rakel Sveinsdóttir. (2022, 26. janúar). Fimm sinnum fleiri fyrirtæki þurfa senn að upplýsa um sjálfbærni rekstursins. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20222213448d>
- Raworth, K. (2017). *Doughnut Economics: Seven Ways to Think like a 21st-Century Economist*. London: Random House.
- Rezaee, Z. og Tuo, L. (2019). Are the Quantity and Quality of Sustainability Disclosures Associated with the Inmate and Discretionary Earnings Quality? *Journal of Business Ethics*, 155, 763–786. <https://doi.org/10.1007/s10551-017-3546-y>
- Senge, P., Smith, B., Kruschwitz, N., Laur, J. og Schley, S. (2008). *The Necessary Revolution: How Individuals and Organizations Are Working Together to Create a Sustainable World*. Nicholas Brealey Publishing.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*, (bls. 219–235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Stjórnarráð Íslands. (2017, 25. janúar). *Heimsmarkmiðin - hnattrænn samfélagsáttmáli*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/01/25/Heimsmarkmidin-hnattraeinn-samfelagssattmali/>
- Strand, R., Freeman, R.E. og Hockerts, K. (2015). Corporate Social Responsibility and Sustainability in Scandinavia: An Overview. *Journal of Business Ethics*, 127, 1–15. <https://doi.org/10.1007/s10551-014-2224-6>
- Tarquino, L. og Posadas, S.C. (2020). Exploring the term non-financial information: An academics' view. *Meditari Accountancy Research*, 28(5), 727–749. <https://doi.org/10.1108/MEDAR-11-2019-0602>
- Trausti Hafliðason (ritstj.). (2021). 300 stærstu. Í *Frjáls verslun: 300 stærstu* (bls. 119–178). Myllusetur.

- UNEP. (1972). *Stockholm Declaration: Declaration on the Human Environment*. <https://wedocs.unep.org/bitstream/handle/20.500.11822/29567/ELGP1StockD.pdf>
- United Nations. (2015, 25. september). *Transforming our world: the 2030 Agenda for Sustainable Development*. <https://sdgs.un.org/2030agenda>
- United Nations Global Compact. (e.d.). *The Ten Principles of the UN Global Compact*. <https://unglobalcompact.org/what-is-gc/mission/principles>
- Uyar, A., Karaman, A. S. og Kilic, M. (2020). Is corporate social responsibility reporting a tool of signaling or greenwashing? Evidence from the worldwide logistics sector. *Journal of Cleaner Production*, 253, 119997. <https://doi.org/10.1016/j.jclepro.2020.119997>
- Value Reporting Foundation: SASB Standards. (e.d.). *Company Use*. <https://www.sasb.org/company-use/>
- Value Reporting Foundation: SASB Standards. (2020, 18. desember). *Global sustainability and integrated reporting organisations launch prototype climate-related financial disclosure standard*. <https://www.sasb.org/wp-content/uploads/2020/12/Press-release-prototype-climate-related-financial-disclosure-standard-Dec20-FINAL.pdf>
- Wahlund, M. og Hansen, T. (2022). Exploring alternative economic pathways: a comparison of foundational economy and Doughnut economics. *Sustainability: Science, Practice and Policy*, 18(1), 171-186. <https://doi.org/10.1080/15487733.2022.2030280>
- Wartick, S.L. og Cochran, P.L. (1985). The evolution of the corporate social performance model. *Academy of Management Review*, 10(4), 758-769. <https://doi.org/10.2307/258044>
- WCED. (1987). *Our common future*. Oxford, UK. Oxford University Press.
- Wood, D. (1991). Social Issues in Management: Theory and Research in Corporate Social Performance. *Journal of Management*, 17(2), 383-406. <https://doi.org/10.1177/014920639101700206>
- Pingskjal 189. (2016-2017). Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2016, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn. *Alþingistíðindi A-deild*, 146. <https://www.althingi.is/altext/146/s/0189.html>
- Pingskjal 730. (2015-2016). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr.3/2006, með síðari breytingum (einföldun og innleiðing ársreikningatilskipunar 2013/34/ESB). *Alþingistíðindi A-deild*, 145. <http://www.althingi.is/altext/145/s/0730.html>

